



Lögreglan veitti konu á stolnum bíl eftirför í gær eftir að sonur eiganda bílsins tilkynnti um stuldinn. Konan ók frá Sundahöfn og hófst eftirförin við Kirkjusand og lauk á byggingarsvæði á Lækjargötu þar sem konan var gripin og hún handtekin. Samkvæmt sjónarvotti voru bílarnir á miklum hraða og mildi að enginn skyldi slasast við atganginn. FRÉTTABLAÐIÐ / SIGTRYGGUR ARI

Telur sig með traustar ábyrgðir

Forstjóri Landsvirkjunar segir samninginn við Rio Tinto innihalda skýr ákvæði um hvernig skuli leysa úr ágreiningi um samningsatriði. Forstjóri Elkem segir óvissu um orkuverð koma niður á fjárfestingu.

ORKUMÁL Landsvirkjun telur sig vera með traustar ábyrgðir gagnvart Rio Tinto sem skoðar nú mögulega lokun á álverinu í Straumsvík. Komi upp ágreiningur um atriði raforkusamningsins sé skýrt kveðið á um hvernig leysa eigi úr honum. Þetta segir Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar.

„Varðandi raforkuverðið teljum við að samningurinn sé sanngjarn fyrir bæði fyrirtækin. Vissulega er hann ekki ódýr, en hann er sanngjarn,“ segir Hörður.

Sérfræðingar í orkumálum telja að í samningi Landsvirkjunar og Rio Tinto, sem gildir til 2036, sé

kveðið á um móðurfélagsábyrgð. Móðurfélag álversins þurfi að ábyrgjast lágmarkskaup á raforku, um 80 prósent, út samningstímann.

„Við teljum traustar ábyrgðir fyrir skuldbindingum beggja aðila í samningnum. Það hefur enginn ágreiningur verið um það,“ segir Hörður. Þá hefur komið fram að í samningnum sé endurskodunarákvæði sem hægt er að virkja árið 2024. Aðspurður segir Hörður að ákvæðið eigi að tryggja að samningurinn sé sanngjarn fyrir bæði fyrirtækin.

Álverið í Straumsvík greiddi að upp á 130 milljónir dala til móður-

130

milljónum dala nam arðgreiðsla álversins í Straumsvík til móðurfélagsins Rio Tinto árið 2017.

félagsins 2017. Í svari frá álverinu kemur fram að arðgreiðslan hafi verið sú eina sem fyrirtækið hefur greitt frá 2004. Ástæðan var að fyrir lá kautilboð frá Norsk Hydro um að kaupa álverið þar sem fyrirtæki

séu jafnan ekki seld með lausafé.

Einar Þorsteinsson, forstjóri Elkem á Íslandi, segir að hækkan raforkuverðs sem fylgdi nýjum samningi til 2029 hafi komið niður á samkeppnisstöðu fyrirtækisins.


„Það sem hrjáir okkur mest er spurningin um hvað tekur við eftir 2029. Ef það stefnir í enn herra raforkuverð þá lítur þetta afskaplega illa út og við þurfum svar við þeirri spurningu mjög fljótt vegna þess að við höfum stöðvað fjárfestingu í uppbyggingu. Þegar við fjárfestum í uppbyggingu þurfum við að horfa meira en níu ár fram í tímann,“ segir Einar. — þfh / sjá Markaðinn

Tryggingarnar snarhækkuðu

VIÐSKIPTI Tryggingar sem íslenskar ferðaskrifstofur þurfa að útvega hafa hækkað verulega eftir gildistöku nýlegra laga og eru dæmi um að fyrirtæki hafi þurft að útvega margfalda fjárhæð miðað við það sem áður var. Í heildina hafa tryggingarnar hækkað um þrjú milljarða.

„Eigendur smærri ferðaskrifstofa þurfa að leggja allar persónulegar eigur undir til að geta staðið í þessum rekstri,“ segir viðmælandi Markaðarins. Stjórnendur í ferðaþjónustunni segja fyrirkomulagið skekkja stöðuna gagnvart erlendum keppinautum og ýta undir að fyrirtæki flytji starfsemi sína til útlanda. Þeir kalla eftir samstarfi ríkis og ferðaþjónustunnar um stofnun sérstaks tryggingarsjóðs til að leysa vandann. — þfh / sjá Markaðinn

Veður



Snýst í suðlæga eða breytilega átt 3-10 m/s síðdegis. Snjócoma eða él sunnan- og vestanlands, en styttrir upp á Norður- og Austurlandi. Frost 0 til 7 stig í kvöld, kaldast í inn-sveitum fyrir norðan. **SJÁ SÍÐU 16**



Frumvarp um ríkisborgararétt er til umræðu á þingi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hægt verði að fá undanþágu frá sakavottorði

ALÞINGI Allsherjar- og menntamálanefnd leggur til að sett verði ákvæði í lög um íslenskan ríkisborgararétt sem heimili að vikið sé frá skilyrðum um að umsækjandi sanni á sér deili og framvísi erlendu saka-vottorði.

» Allsherjar- og menntamálanefnd telur sanngarnt að bæta undanþáguni við lög um ríkisborgararétt.

Frumvarp um breytingar á lögum er nú til umfjöllunar á Alþingi en önnur umræða fór fram í gær. Nefndin leggur áður nefnda breytingu til í nefndaráli sínu. Þar segir að slíkar undanþágur séu sanngarntar í tilvikum þar sem aðstæður séu óvenjulegar.

Er heimildin þannig hugsuð fyrir einstaklinga sem gætu ómögulega útvegað fullnægjandi gögn en uppfylltu að öðru leyti skilyrði laganna. Nefndin tekur sem dæmi flóttafólk sem nýtur alþjóðlegrar verndar sökum ofsókna stjórnvalda í heimaríki og flóttafólk frá stríðshráðum svæðum þar sem innviði skortir.

Markmið frumvarpsins sem dómsmálaráðherra lagði fram í október er að auka skilvirkni, gagnsæi og skýrleika laga um íslenskan ríkisborgararétt. Nefndin fagnar í áli sínu sérstaklega ákvæði um endurveitingu ríkisfangs til þeirra sem misst hafa íslenskt ríkisfang. – sar

„Maní á heima hér“



Stuðningsfólk hins 17 ára gamla íranska Maní mótmælti brottvisun hans og fjölskyldu hans í gær. Um átta þúsund undirskriftir voru afhentar í dómsmála- og forsætisráðuneyti þar sem farið er fram á að fjölskyldan fái að vera á Íslandi. Maní dvelur nú á BUGL eftir að hafa fengið taugaáfall en til stöð að flytja fjölskylduna úr landi í gær. Lögmaður fjölskyldunnar hefur fengið frest fram í næstu viku til að skila gögnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hindurvitni fari úr lyfjalögum

HEILBRIGÐISMÁL Læknafélag Íslands mælist til þess að öll ákvæði um svokölluð smáskammtalyf (hómopatalyf) verði felld úr frumvarpi að nýjum lyfjalögum. Félagið skilaði umsögn um málið til velferðarnefndar í gær.

„Engin gagnreynd þekking liggur að baki notkun slíkra efna eða efna-sambanda í meðferð sjúkdóma eða annarra heilbrigðisvandamála,“ segir í umsögninni.

Um sé að ræða úrelta nálgun og tiltrú sem byggir hvorki á vísindalegri þekkingu né rannsóknunum.

„Sé það markmið löggjafans að setja lagaramma um smáskammtalyf og önnur hindurvitni þá telur Læknafélag Íslands eðlilegra að um það sé fjallað í sérstökum lögum líkt og gert er um fæðubótarefni.

„Þar að auki stangist ákvæði um smáskammtalyf á við annað ákvæði frumvarpsins þar sem gerð er krafa um að lyf hafi lækningaverkun. – að

Fegurstu skegg Íslands lögð á vogarskálarnar

Íslandsmeistaramótið í skeggvexti verður haldið í fyrsta skiptið eftir rúman mánuð. Yfirumsjónarmaður keppinnar, sem hefur mikla reynslu að utan, segir mikilvægt að snyrta skeggið vel, nota góðar vörur og leita til bartschera.

SAMFÉLAG Íslandsmeistaramótið í skeggvexti verður haldið í fyrsta skiptið á Gauknum þann 28. mars. Yfirumsjónarmaður keppinnar, Jón Baldur Bogason, segir tilvalið fyrir áhugasama að byrja strax að safna, snyrta og koma sér í samband við góðan bartschera. Jón Baldur hefur tekið þátt í skeggvaxtarkeppnum á erlendri grundu síðan 2016 og er í dag handhafi fimmta fallegasta Verði skeggs heims. Verði skegg skilgreinist sem 10 sentimetrar að lengd frá neðri vör og krullað yfirvaraskegg. Eftir að hann fann fyrir áhuga hér heima ákvað hann að koma keppinni á laggirnar og stofna félagskap, Skeggfjélag Reykjavíkur og nágrennis.

„Mér var bent á að líkja þessu ekki saman við hundasýningu, en þetta er samt þínu svoleiðis,“ segir Jón Baldur og brosir breitt. „Keppendur stíga á sviðið og ganga fram hjá dómurinum. Það er meira gaman en alvara að baki þessu. Þetta snýst um að koma saman, skemmta sér og safna pening fyrir gott málefni.“

Ágóðinn rennur til Krafts, stuðningsfélags fyrir ungt fólk með krabbamein og aðstandendur.

Keppt verður í fjórum flokkum, það er í fullu skeggi, yfirvaraskeggi, hálskeggi og gerviskeggi. En seinasti flokkurinn er til þess að allir geti verið með, konur og tadskegglingar líka. Jón Baldur segir að erlendis keppi konur oft með skegg gerðu úr gervihári, hári eða hverju sem er.

„Í síðustu keppni sem ég fór á í Ameríku vann kona með skegg sem gert var úr tönnum,“ segir Jón Baldur. „Ég þorði ekki að spyrja hvort



Jón Baldur Bogason hefur keppt erlendis í skeggvexti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ég þorði ekki að spyrja hvort þetta væru alvöru mannatennur.

Jón Baldur Bogason, yfirumsjónarmaður keppinnar

þetta væru alvöru mannatennur.“

Í amerískum keppnum er að stórum hluta horft til skegglingdar, en í þeirri íslensku verður frekar horft til heildarmyndarinnar. Jón Baldur segir að skegglingd geti vissulega skipt máli en einnig þykktin og hvernig skeggið fer manneskjunn.

„Skeggin eru öll trimmuð,“ segir Jón Baldur aðspurður um hvort hægt sé að mæta úfinn eins og jóla-sveinn. „Keppendur eru vel undirbúnir og með hárblásarann til taks. Það skiptir miklu máli að nota réttar vörur, sérstakt skeggjampó og olíur.“

Jón Baldur segir að gott sé að leita til rakara fyrir keppni til að láta snyrta skeggið.

Í dómnefnd situr úrvalslíð sérfræðinga, Árni og Auður hjá Hárbætt, Ólafur Örn Ólafsson, stjórnu-kokkur og dansari, Siggeir Fannar Ævarsson, sagnfræðingur og sérfræðingur í íslenskri skeggfísku-sögu, og Katla Einarsdóttir fórdunarfræðingur. Verðlaunin verða skeggtingdar vörur.

kristinnhaukur@frettabladid.is

HÖNNUN, GÆÐI & GLÆSILEIKI

ÍTALSKAR FLÍSAR



ALFABORG
- allt á gólfjöð -

Skútuvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is



Sheer
Driving Pleasure

NÝR BMW X3 30e PLUG-IN HYBRID.



* Drægi mðast vð uppgæinar telur framleiðanda samkvæmt nýjum WLTP-staðli um drægi í raunvegulegum aðstæðum.

ENNEMM / SIA / NM98375

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

Nýr BMW X3 Plug-in Hybrid, með einstöku xDrive fjórhjóladrifi er nú í fyrsta skipti fánlegur með rafhlöðu og drægi allt að 50 kílómetra samkvæmt nýjum samræmdum WLTP mælingum.* Bensín og rafmótor skila samtals 292 hestöflum og veita þér hina einu sönnu BMW upplifun sem gerir hverja ferð að spennandi ævintýri.

BMW X3 30e. Verð frá: 7.190.000 kr.

Nánari upplýsingar á www.bl.is

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Ræða nýtt tilboð Eflingar á fundi hjá ríkissáttasemjara í dag

KJARAMÁL Samninganefnd Eflingar lagði fram útfærðar tillögur að lausn kjaradeilu sinnar við Reykjavíkurborg á fundi hjá ríkissáttasemjara í gær. Var þetta fyrsti sáttafundur aðila í ellefu daga en boðað hefur verið til annars fundar í dag.

Í tilkynningu frá Eflingu kemur fram að trúnaður ríki um innihald tilboðsins. Þar segir einnig að samninganefndin hafi ásamt starfsfólki félagsins fundað stift með trúnaðarmönnum undanfarna daga. Þar hafi umræddar tillögur verið útfærðar. Staða viðræðnanna var rædd á



Frá fundi Eflingar og borgarinnar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Það þarf vilja til þess að finna nýja nálgun og nýjar leiðir á þessum tímamarki og ég vonast til þess að þær leiðir finnist í góðu samtali milli samninganefndanna.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri

fundi borgarstjórnar í gær en ótímabundið verkfall rúmlega 1.800 félagsmanna Eflingar hefur víðtæk áhrif á þjónustu borgarinnar.

Þar fór Dagur B. Eggertsson borgarstjóri yfir það að mjög hafi dregist að ljúka samningum á opinbera markaðnum. Það skýrist meðal annars af því hversu langan tíma hafi tekið að útfæra styttingu vinnuvikunnar hjá vaktavinnufólki.

Kolbrún Baldursdóttir, borgarfulltrúi Flokks fólksins, sagðist styðja kröfur Eflingar heilshugar.

„Borgarstjóri getur á einu augabragði ákveðið að leysa þessa kjaradeilu. Hann neitar að gera það þrátt fyrir vandræðaástand í borginni,“ segir í bókun Flokks fólksins.

„Við skulum spyrja að leikslökum varðandi þá samninga sem nú standa yfir en þetta er vandaleyst. Það þarf vilja til þess að finna nýja nálgun og nýjar leiðir á þessum tímamarki og ég vonast til þess að þær leiðir finnist í góðu samtali milli samninganefndanna,“ sagði Dagur B. Eggertsson borgarstjóri við lok umræðnanna. – sar



Blátindur sökk í óveðrinu á dögnum. MYND/ÓSKAR P. FRÍÐRIKSSON

Vantar varaafli

VESTMANNAEYJAR Bæjarráð Vestmanna sem vill að bæjarstjórnin fái fund með fulltrúum Landsnets og HS Veitna, með atvinnulífnum og bæjarstjórn, til að upplýsa um og bæta stöðu varaafli í Eyjum.

Tílefnið er óveðrið aðfaranótt 14. febrúar og bilanir sem leiddu til þess að keyra þurfti rafmagn á varaafli. Raforkunotkun heimila sé 5-6 MW yfir vetrartímamann. „Þegar full vinnsla er í fiskvinnslustöðvunum og verið er að frýsta til dæmis loðnuafurðir er notkunin um 13 MW. Þar sem aðeins rúm 4 MW eru til staðar sem varaafli í Eyjum, gefur augaleið að alvarlegt ástand getur myndast ef alvarleg bilun verður í flutningskerfi Landsnets.“ – gar

Grunaður um kynferðisbrot

LÖGREGLA Bandarískur karl á fertugsaldri hefur setið í gæsluvarðhaldi hjá lögreglunni á Sudurnesjum síðan í byrjun mánaðar. Samkvæmt frétt RÚV er hann grunaður um að hafa nýtt sér samfélagsmiðla til að tæla og brjóta á drengjum í mörgum löndum, þar á meðal á Íslandi. Sumir drengjanna séu á fermingaráldri.

Maðurinn er sagður hafa ferðast í nokkurn tíma um Norður-Ameríku og Evrópu. Lögreglan á Sudurnesjum er sögð rannsaka málið og vinna í nánu samstarfi við erlend lögregluþvöld. – atv

Landsbankinn áætlað að selja eða leigja 40 prósent nýrra höfuðstöðva í Austurhöfn fyrir stofnkostnaði. Heildarkostnaður við bygginguna er nú áætlaður 11,8 milljarðar króna. Bankinn hyggst spara hálfan milljarð árlega með byggingunni að því er kemur fram í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn á Alþingi.

FJÁRMÁL Landsbankinn gerir ekki ráð fyrir að leigja eða selja með hagnaði þau 40 prósent af væntanlegum höfuðstöðvum sem bankinn hyggst ekki sjálfur nýta fyrir starfsmála sína.

„EKKI hefur verið tekin ákvörðun um hvort sá hluti hússins sem bankinn mun ekki nýta verði seldur eða leigður en bankinn reiknar með að sala/leiga standi undir stofnkostnaði við þann hluta hússins,“ segir í svari sem fjármálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi við fyrirspurn Birgis Þórarinnssonar, þingmanns Miðflokksins. Svárið fékk ráðherra frá Landsbankanum með milligöngu Bankasýslu ríkisins sem fer með hlut ríkisins í bankanum.

Birgir spurði meðal annars um áætlaðan byggingarkostnað nýrra höfuðstöðva Landsbankans sem nú rísa við Austurhöfn. Í svarinu kemur fram að kostnaðaráætlunin hafi hækkað úr níu milljörðum króna í maí 2017 í 11,8 milljarða eða um samtals 2,8 milljarða króna. Nemur sú hækkan 31 prósent. Alls verður byggingin 16.500 fermetra og áttal bankinn að nota tíu þúsund fermetra af því.

Kostnaður við þann hluta húsnæðisins sem bankinn hyggst nýta er sagður verða um 7,5 milljarðar króna. Bankinn munu flytja starfsemi úr tólf húsum í miðbænum ásamt stærstum hluta Borgartúns 33 undir eitt þak í nýju húsi.

„Því fylgir mikið hagræði og er gert ráð fyrir að árlegur sparnaður bankans af þeim sökum nemi um



Landsbankinn keypti lóðina árið 2014 fyrir 957 milljónir króna en segir virðið í dag vera óvíst. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Húsið hefur menningarlegt og sögulegt gildi og bankinn mun gefa sér tíma til að finna leiðir til að húsið fái nýtt hlutverk og geti notið sín til framtíðar.

Úr svari við fyrirspurn um húsnæðismál Landsbankans

500 milljónum króna, einkum vegna lækkunar á húsaleigu og kostnaði við rekstur og viðhald húsnæðis,“ segir í svarinu.

Þingmaðurinn spyr meðal annars um það hvort núverandi höfuðstöðvar Landsbankans í Austurstræti verði seldar eða yfirteknar af ríkissjóði. Er því til svarað að gera megi ráð fyrir að húsnæði bankans verði komi í verð með einum eða öðrum hætti og það nýtt til að fjármagna starfsemi. Ekkert hafi þó enn verið ákveðið.

„Höfuðstöðvar Landsbankans samanstanda af þrettán húsum í Kvosinni og eru einungis fjögur

þeirra í eigu bankans. Af þeim er Austurstræti 11 langstærst,“ segir í svarinu. Fasteignamat Austurstrætis 11 hafi í fyrra verið 1.913 milljónir króna,“ er vitnað í svari ráðherra til svars frá Bankasýslunni.

Landsbankinn segir fyrir sitt leyti að engar ákvarðanir hafi verið teknar um framtíðarnýtingu Austurstrætis 11. „Húsið hefur menningarlegt og sögulegt gildi og bankinn mun gefa sér tíma til að finna leiðir til að húsið fái nýtt hlutverk og geti notið sín til framtíðar,“ segir í svari Landsbankans sem ráðherra byggir svör sín á. gar@frettabladid.is

Danir undrast dóm yfir svikakvendi

DANMÖRK Hin danska Britta Nielsen var í gær dæmd í undirrétti í Kaupmannahöfn til sex og hálfis árs fangelsisvistar fyrir að hafa dregið sér samtals 117 milljónir danskar krónur í starfi sínu hjá félagsmálaþvöldum.

Danir virðast margir telja dóminn yfir Nielsen of vægan, ekki síst í ljósi þess að brot hennar náðu yfir aldarfjórðung, eða frá árinu 1993 til 2018, og að upphæðin er gríðarleg, eða jafnvirði um 2.170 milljóna íslenskra króna.

Fréttavefur Danmarks Radio bauð í kjölfar dómsins í gær lesendum að senda spurningar um málið til Trine Maria Ilsøe, sem skrifar fréttir af dómsmálum. Samkvæmt dóminum á að gera 113 milljón danskar krónur upptækar hjá Nielsen.

Einn lesandinn spyr hvort það endurspeglar að enn sé svo mikið af þýfinu í fórum Nielsen en fréttamaðurinn segir svo ekki vera. „Eins



Kia Reumert saksóknari ræðir við fréttamenn við dómshúsið. MYND/EPA

Þannig að með dálitlum hugarreikningi verður Britta Nielsen látin laus eftir fjögur ár og tvo mánuði.

Trine Maria Ilsøe

og staðan er nú er upphæðin sem ríkið hefur fengið til baka miklu lægri,“ svarar Ilsøe.

Annar spyr hversu lengi megi búast við að Nielsen sitji í fangelsi. Hún er í dag 65 ára og áttal sjálf ekki að áfrýja dóminum en ákærvaldið hefur enn tvær vikur til að áfrýja fyrir sitt leyti. Ilsøe segir að venjulega sé fólk látið laust eftir að hafa aflánað tvo þriðju af dóminum. „Þannig að með dálitlum hugarreikningi verður Britta Nielsen látin laus eftir fjögur ár og tvo mánuði,“ útskýrir fréttaritari DR í dómsmálum. – gar



RÝMI
OFNASMIÐJAN

Verzlunarlaustrir



KOMDU HEIM Í HAFNARFJÖRÐ Í VETRARFRÍNU

Frítt í sund fyrir börn, ókeypis aðgangur að söfnum og fjölbreytt dagskrá fyrir fjölskylduna í vetrarfríinu



Sundlaugar

Ásvallalaug,
Suðurbæjarlaug og
Sundhöll Hafnarfjarðar



Menningarstofnanir

Byggðasafn Hafnarfjarðar,
Bókasafn og Hafnarborg



Bæjarbíó
Sóli Hólm
**VARIST
EFTIRHERMUR**




Gaflaraleikhúsið

Fjölskyldusýningin Mamma klikk!
22. febrúar kl. 13 og 16 Örfá sæti
23. febrúar kl. 13 og 16 laus á tix.is

Bæjarbíó

20., 21. og 22. febrúar kl. 20:30 Sóli Hólm – varist eftirhermur
22. febrúar kl. 15:30 LUV dagur – styrktar- og minningartónleikar
23. febrúar kl. 13 og 15 Sögusýning um Hafnarfjarðarhöfn - frítt inn!



Vinalegir veitingastaðir, kósí kaffihús,
hlýlegar verslanir og listagallerí



HAFNARFJÖRÐUR



585 5500 hafnarfjordur.is



Eftir áralanga þróun og prófanir höfum við náð markmiði okkar.

Við höfum búið til eina þrouðustu dýnu heims

Simba tvinndýnan er gerð úr einstakri samsetningu 2500 keilulaga gorma og móttækilegs minnissvamps.

Fáðu betri svefn - sama hvert svefnmynstur þitt er.

SIMBA STÆRÐIR	VERÐ
Dýna 80 x 200 cm	79.990
Dýna 90 x 200 cm	89.990
Dýna 90 x 210 cm	94.990
Dýna 100 x 200 cm	94.990
Dýna 120 x 200 cm	104.990
Dýna 140 x 200 cm	114.990
Dýna 160 x 200 cm	134.990
Dýna 180 x 200 cm	149.990
Dýna 180 x 210 cm	159.990
Dýna 200 x 200 cm	169.990



Komdu og kynntu þér Simba í næstu Dormaverslun eða á www.simba.is

Afgreiðslutími Rvk
Mánudaga til föstudaga kl. 11-18.30
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)
www.dorma.is

Holtagörum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rættast

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING
á Hringbraut

h



Kong Yuefeng gefur blóð eftir að hafa læknað af COVID-19 veirunni. Hann lauk einangrun í gær. MYND/GETTY

Áhrifa af COVID-19 gætir víða um heim

Rúmlega 72 þúsund manns hafa smitast af COVID-19 veirunni og tæplega nítján hundruð látist af hennar völdum. Yfirmaður sjúkrahúss í Wuhan í Kína, sem einungis sinnir sjúklingum smituðum af veirunni, lést í gær.

HEILBRIGÐISMÁL Liu Zhiming, yfirmaður Wuhan Wuchang sjúkrahússins í Kína, lést í gær af völdum COVID-19 veirunnar sem á uppruna sinn að rekja til Wuhanborgar. Sjúkrahúsið var hannað eingöngu til þess að sinna sjúklingum sem sýkst hafa af veirunni.

COVID-19 veiran hefur dregið tæplega nítján hundruð manns til dauða og er Zhiming sjöundi heilbrigðisstarfsmáðurinn sem lætur lífið af hennar völdum.

Útbreiðsla veirunnar er mikil og hefur hún greinst víðs vegar um heim en í gær var fyrsti dagurinn þar sem ný tilfelli hennar voru færri en tvö þúsund í Kína síðan í janúar, í gær greindust þar 1.886 ný tilfelli.

Á heimsvísu hafa rúmlega 72 þúsund manns smitast af veirunni og áhrifa hennar gætir víða. Veiran hefur greinst í 26 löndum fyrir utan Kína, þar með talið í Svíþjóð, Finnlandi og í Bretlandi.

Í þessum 26 löndum hafa um 830 manns smitast og fimm hafa látið lífið af völdum veirunnar.

Yfir tvö þúsund ráðstefnum og iðnaðarsýningum hefur verið frestað í Kína vegna hafta á ferðalög til

» Veiran hefur ekki greinst á Íslandi. Samkvæmt þjóðarpólssi Gallup óttast þriðjungur þjóðarinnar að hún berist til landsins.

að minnka útbreiðslu veirunnar og eru áhrifin sögð teljast í milljórdum Bandaríkjadollara.

Tæknirisinn Apple hefur gefið það út að fyrirtækið sjái ekki fram á að ná ársfjórðungsmarkmiði sínu í mars vegna hægrar framleiðslu á iPhone og minnkandi eftirspurnar frá Kína. Í kjölfarið fellu hlutabréf í ásiskum fyrirtækjum í kauphöllinni á Wall Street.

Forseti Suður-Kóreu sagði efnað landsins hafa tekið dýfu í kjölfar veirunnar. Eftirspurn eftir suðurkóreskum vörum hafi minnkað á heimsvísu.

Eggja- og fuglakjötsframleiðsla hefur dregist saman í Kína og sama má segja um útflutning á málm, en lönd víðs vegar hafa hætt að taka við flutningaskipum frá Kína.

Fjöldi flugfélaga hefur tímabund-

ið hætt við flug til Kína og fjölda íþróttaviðburða og mannfagnaða hefur verið frestað víða í Asíu.

Tugir manna víða um heim hafa verið settir í sóttkví og einangrun til að reyna að hamla útbreiðslu COVID-19 og voru til að mynda 300 Bandaríkjamenn fluttir með flugi til Bandaríkjanna í gær eftir að hafa verið haldið í sóttkví á skemmtiferðaskipinu Diamond Princess í tvær vikur. Fjórðan þeirra voru greindir með veiruna.

Þá var rússneskri konu gert að snúa til baka í einangrun eftir að hafa flúið af sjúkrahúsi í Sankti Pétursborg þar sem hún hafði verið í einangrun. Grunur lék á að konan væri smituð af veirunni eftir ferð til Kína.

Veiran hefur ekki greinst hér á landi en samkvæmt þjóðarpólssi Gallup óttast þriðjungur þjóðarinnar að hún berist til landsins. Sérstakri gámaeiningu hefur verið komið upp við brádamóttöku Landspítalans í Fossvogi en þar verður hægt að taka á móti og skoða sjúklinga sem grunur leikur á að séu smitaðir af veirunni.

birnadrofn@frettabladid.is

Missti bæjarstjórstólinn í Brunsmark vegna Brexit

ÞÝSKALAND Skotinn Iain Macnab þurfti að hætta sem bæjarstjóri í þýska þorpinu Brunsmark þann 31. janúar, þegar Bretland gekk formlega úr Evrópusambandinu. Macnab hafði verið þar bæjarstjóri í tólf ár við góðan orðstír. Þorpið er í nágrenni Hamborgar og þar búa um 150 sálir.

„Ég má ekki kjósa lengur í Þýskalandi og ef ég má ekki kjósa þá get ég ekki verið bæjarstjóri,“ sagði hann í samtali við fréttastofuna AFP.

Iain Macnab er sjötugur að aldri og hefur búið í Brunsmark í 28 ár. Hann er kvæntur þýskri konu og eiga þau saman tvö börn. Upprunalega er hann frá öðrum smábæ, Achiltibuie í skosku hálöndunum.

Eftir atkvæðagreiðsluna árið 2016 sóttu margir Bretar í Þýskalandi um ríkisborgararétt, en Macnab var ekki einn af þeim. „Ég hugsaði nokkrum sinnum um að gera það en lét aldrei af því verða.“



Iain Macnab má ekki lengur kjósa í þýskum heimabæ sínum. MYND/GETTY

Macnab segir Evrópusambandið ekki gallalaust og að því fylgi reglugerðafargan, en betra sé að vera innan þess til þess að hafa áhrif. Hann telur einnig að útgangan gæti klofið Stóra-Bretland og hann sjálfur sé í fyrsta sinn að fyllast þjóðerniskennd sem Skoti.

Daginn sem hann yfirgaf bæjarstjórnarskrifstofuna lét hann skoska fánann blakta við hún.

Hann kveður þó embættið með þakklæti. „Mér finnst að ég hafi áorkað einhverju, jafn vel þó að þetta geti verið vanþakklátt starf.“


– khg

JÓNÍNA SNÝR AFTUR!

NÝTT OG SPENNANDI EDDUMÁL



Jónína Leósdóttir sendir hér frá sér glényja og æsispennandi glæpasögu!



Andlitslausu konan
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-
Verð áður: 3.999.-



„Við þurfum okkar árlega Edduskammt.
Hún er nefnilega skuggalega ávanabindandi.“

Friðrika Benónýsdóttir / Vikan
um *Barnið sem hrópaði í hljóði*



„.... tekst Jónínu enn á ný að gera viðfangsefni Eddu
áhugaverð og spennandi.“

Þorgerður Anna Gunnarsdóttir / Morgunblaðið
um *Barnið sem hrópaði í hljóði*

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9



Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími útsöluverðs er til og með 20. febrúar eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Streymið



Davíð Stefánsson
david@frettabladid.is

Griðarleg umbylting á sér stað í tækni og áhorfi á myndmiðla. Línulegt áhorf tilheyrir gærðeginum og horft er á efni í ólínulegri dagskrá, á myndstreymi eða annarri miðlun. Notendur horfa á þeim stað og tíma sem þeir sjálfir kjósa.

Þótt þessar breytingar standi þeim yngri nær, hefur fjölmiðlanotkun breyst hjá öllum aldurshópum. Æ meir sækir fólk fréttir og upplýsingar til mynddeilipjónusta á borð við YouTube og samfélagsmiðla eins og Facebook eða Instagram. Efni er miðlað beint í snjalltæki í stað myndlyklakerfa sjónvarpsstöðva, í beinu viðskiptasambandi við alþjóðlega notendur.

Bandarískar streymisveitur, Netflix og Amazon, eru aðgengilegar hér og von er á stærsta fjölmiðlafyrirtæki heims, Disney+, á árinu. Fleiri eru væntanlegar, flestar frá Bandaríkjunum sem gnæfa yfir hina á hinum alþjóðlega streymismarkaði. Framboðið sem er mikið nú þegar mun margfaldast.

Í vikunni fjallaði Fréttablaðið um þessar breytingar á fjölmiðlamarkaði. Sagt var frá fyrirhugaðri löggjöf hér sem leggur kvaðir á streymisveitur, íslenskar sem erlendar, þegar reglur Evrópusambandsins um hljóð- og myndmiðla verða að lögum. Það mun gilda um Netflix, YouTube og aðra sem miðla myndefni.

Með því að skilgreina slíka miðla sem fjölmiðla er leitast við að koma á meira jafnræði óháð miðlun efnis. Reynt er að sporna við dreifingu á hatursfullu ofbeldi á öldum ljósvakans. Sett verður inn heimild til að stöðva miðlun eða grípa til videigandi aðgerða, sé efni talið brjóta gróflega gegn lögum.

En mikilvægasta breytingin er krafa um að 30 prósent af framboði myndefnis eftir pöntun skuli vera evrópsk, sýnileg og fjölbreytt. Ekki verður dregin fjöður yfir að með þessu er verið að bregðast við mikilli markaðshlutdeild bandarískra streymisveitna á evrópskum markaði.

Einhver kann að spyrja um forsjárhyggju. Hvað kemur mönnum við á hvað er horft? Evrópsk sjónarmið eru þau að æskilegt sé að tryggja Evrópubúum aðgang að fjölbreyttu efni sem spegli menningu og sögu þeirra í sífellt opnara og alþjóðlegra samkeppnisumhverfi.

Sama gildir hér. Það eru okkar hagsmunir að halda menningu, tungu og sögu okkar á lofti. Það er í senn undirstaða mannlífs hér og hreyfiafl til góðra hluta.

Örrikið Ísland getur ekki eitt og sér spornað við þessari alþjóðapróun. Okkar hagsmunum er best borgið í samstarfi Evrópuþjóða. Norrænu ríkin telja sig ein og sér ofsmá til að etja kappi við stærri ríki eða alþjóðleg risafyrirtæki. Jafnvel Angela Merkel Þýskalandskanslari lýsti nýlega smæð Þýskalands í hinna alþjóðlegu samkeppni stórvelda og stórfyrirtækja.

Saman mynda Evrópuríkin afar öflugan markað 450 milljóna neytenda. Í því liggur mikið afl og sterk samningsstaða gagnvart alþjóðlegum risum tækni og fjölmiðlunar. Einungis með virku samstarfi þar mynda þjóðirnar það afl sem þarf til að styðja menningarhagsmuni sína. Hröð þróun fjölmiðlamarkaðarins sýnir að þörf er á samstöðu Evrópuþjóða til að verja menningararfinn.



Hröð þróun fjölmiðlamarkaðarins sýnir að þörf er á samstöðu Evrópuþjóða til að verja menningararfinn.

Halldór



Frá degi til dags

100 ára meinsemd
Kerfiselitunni virðist sérlega ljúft að bjóða heim umdeildum fulltrúum gömlu herrabjórðarinnar er fagna skal merkingarþrungnum stóraföngum í ferðasögu Íslendinga frá helsi til frelsis. Alþingi reid á vaðið með því að fá Piu Kjærsgaard, forseta danska þingsins, til að tóna niður hátíðleika 100 ára fullveldisafmælisins og Hæstiréttur heggur nú í sama knérunn með Mads Bryde Andersen en Danirnir tveir eiga sameiginlegt að vera eðlislægt að stuða fólk almennt og særa sómakennð þess í leiðinni.

Einbeittur velsæmisbrotavilji
Risið hefur verið hærra á dómssvöldinu á Íslandi en nú er handhægt þykir að grípa til hliðstæðna í „réttarríkjum“ á borð við Pólland og Tyrkland. Vandséð, að það sé til þess fallið að efla traust almennings að hið fordæmisgefandi efsta dómstig, sem stóð vörð um kvótakerfið og ábyrgðarmenn Geirfinnsmálsins í áratugi, fagni aldarafmæli með því að fá annálaðan danskan andstæðing mannréttinda til þess að ávarpa æðstu fulltrúa íslenskrar valdastéttar í einkasamkvæmi og tala niður skjólið í Strassborg þangað sem íslenskir blaðamenn og aðrir þolendur dyntóts dómskerfisins hafa helst getað sótt réttarbót.
toti@frettabladid.is
adalheidur@frettabladid.is

Jafnrétti í breyttum heimi



Katrín Jakobsdóttir
forsætisráðherra

Nú þegar fimm ár eru liðin frá því að ríki heims komu sér saman um sautján heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun hefur komið í ljós að markmiðið um kynjajafnrétti er það markmið sem lengst er í land með. Ekkert land í heiminum hefur náð að afnema að fullu mismunun og ofbeldi sem konur og stúlkur verða fyrir vegna kynsins. Jafnréttisþing 2020, sem fram fer í Hörpu á morgun, er helgað heimsmarkmiðunum og jafnrétti í breyttum heimi. Kröftugir fyrirlesarar og listafólk hefur verið kallað til leiks til að taka þátt í þessari umræðu.

Sérstaklega verður litið til samspils umhverfismála og jafnréttismála en það verður sífellt ljósara að loftslagsváin er kynjuð, þar sem afleiðingarnar koma í meiri mæli niður á konum sem eru jafnframt ólíklegri til að hafa áhrif á ákvarðanatöku. Kannski kemur það því ekki á óvart að almennt eru karlar líklegri en konur til að afneita loftslagsvandann og setja sig upp á móti aðgerðum til að sporna gegn hlýnun jarðar. Konur og stúlkur sem eru framarlega í baráttunni fyrir sjálfbærum heimi verða oft fyrir kynferðislegri og kynbundinni áreitni.

Á jafnréttisþingi verður fjallað sérstaklega um átakaorðræðu í loftslagsmálum, þar á meðal út frá sjónarhóli fötlunar. Þá verður fjallað um framtíðaraskoranir í tengslum við tæknibreytingar, loftslagsbreytingar og nýja atvinnu- og lífnáðarhætti og velt upp hvaða áhrif þessir þættir kunna að hafa á stöðu kynjanna í íslensku samfélagi. Loks er hluti dagskrárinnar skipulagður í samvinnu við Stúdentaráð Háskóla Íslands og verður þar meðal annars fjallað um hugmyndafræði grænkeru og karlmennsku.

Þótt Ísland standi framarlega í jafnréttismálum er enn langt í land. Ég á mér von um að Ísland verði meðal fyrstu ríkja heims til að ná heimsmarkmiðinu um jafnrétti kynjanna. Vert er að skoða gaumgæfilega hvernig jafnrétti litur út í breyttum heimi þar sem sjálfbær þróun er ekki lengur aðeins falleg hugmyndafræði, heldur eini valkosturinn sem við höfum.

Ég hvet fólk til að fjölmenna á jafnréttisþingi í Hörpu á morgun!



Konur og stúlkur sem eru framarlega í baráttunni fyrir sjálfbærum heimi verða oft fyrir kynferðislegri og kynbundinni áreitni.

Aldrei meira úrval af öskudagsbúningum

PARTYBÚÐIN

Finndu okkur á

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

Sala upprunaábyrgða úr landi skaðar ímynd Íslands



Sigríður Mogensen
sviðsstjóri
hugverka-
sviðs Samtaka
iðnaðarins

Nýting umhverfisvænnar orku skapar Íslandi afgerandi sérstöðu meðal þjóða heims. Sem lítið hagkerfi á Ísland einnig allt undir í utanríkisviðskiptum. Ísland er eitt örfárra landa í heiminum sem getur markaðssett sig sem land hreinnar, endurnýjanlegrar orku. Raforkan sem hér er framleidd er 99,9% endurnýjanleg orka og er öll orkan nýtt til verðmætasköpunar innanlands. Þessi staða gerir það að verkum að Ísland hefur gríðarlegt náttúrulegt samkeppnisforskot í harðri alþjóðlegri samkeppni þegar umhverfis- og loftslagsmál eru í brennidepli og ríki heims keppast við að standa við alþjóðlegar skuldbindingar í þeim efnunum.

Sala upprunaábyrgða raforku grefur undan þessari sérstöðu. Með sölu upprunaábyrgða inn á evrópskan markað er íslenskum orkufyrirtækjum skylt, við upplýsingagjöf um raforkusölu sína, að skipta upplýsingum um endurnýjanlegan uppruna út fyrir upplýsingar sem endurspeglar samsetningu orkugjafa í Evrópu. Hvað þýðir þetta? Jú, þetta

hefur það í för með sér að með sölu ábyrgðanna breytist uppgefin orkusamsetning í opinberum tölum hér á landi og samkvæmt þeim upplýsingum mætti ætla að á Íslandi væri uppruni raforku 55% jarðefnaeldsneyti, 34% kjarnorka og einungis 11% endurnýjanleg orka. Þetta er alls ekki raunin, heldur afleiðing þess að íslensk orkufyrirtæki selja upprunaábyrgðir úr landi. Þetta getur valdið ruglingi í upplýsingagjöf og skilaboðum út á markaði. Það eitt og sér skaðar hagsmuni Íslands. Þetta gerir útflutningsfyrirtækjum erfiðara fyrir í markaðssetningu á vörum og þjónustu. Þetta skaðar ímynd Íslands sem land hreinnar orku.

Ísland er lokað raforkukerfi. Engin orka er flutt úr landi með beinum hætti heldur er hún nýtt til verðmætasköpunar hér. Íslensk orkufyrirtæki eru að flytja úr landi skirteini sem staðfesta að endurnýjanleg orka hafi verið framleidd. Þetta kerfi var sett á laggirnar í Evrópu til að skapa hvata og ýta undir orkuskipti. Hér á Íslandi er engin þörf á slíku. Með því að selja upprunaábyrgðir til erlendra aðila sköðum við hins vegar okkar eigin hagsmuni því það hefur áhrif á uppgefna orkusamsetningu hér á landi. Tapið af þessu er vafalítið mun meira en tekjur af sölu ábyrgðanna nema. Hér er verið að fórnar meiri hagsmunum fyrir minni. Íslensk stjórnvöld hafa um langt skeið markaðssett Ísland sem

land hreinnar orkugjafa, og gera enn, þrátt fyrir að sala íslenskra orkufyrirtækja á upprunaábyrgðum úr landi kunni að standa í vegi fyrir slíkum fullyrðingum. Í besta falli rýrir hún trúverðugleika þeirra.

Fyrirtæki alls staðar um heim horfa í auknum mæli til umhverfisáhrifa af sinni starfsemi og eru síauknar kröfur gerðar til þess að fyrirtæki starfi í sátt og samlyndi við umhverfi og samfélag. Með sérstöðu Íslands að leiðarljósi eigum við að sækja fram í utanríkisviðskiptum. Ísland hefur hag af því að það liggi skýrt fyrir í allri upplýsingagjöf að hér er öll atvinnustarfsemi knúin áfram af hreinum orkugjöfum. Það er hagur þjóðarinnar og við eigum að geta gert þær kröfur til íslenskra orkufyrirtækja, sem eru að mestu í eigu hins opinbera, að þau hafi víða hagsmuni að leiðarljósi í sínum störfum. Jákvæð ímynd Íslands á þessu sviði gagnast ekki eingöngu orkufyrirtækjum og orkusæknum iðnaði heldur getur hún nýst í allri markaðssetningu á íslenskum vörum og þjónustu á erlendri grundu. Það má ekki vera vafi á því að íslensk fyrirtæki geti nýtt sér þetta samkeppnisforskot á alþjóðlegum mörkuðum. Við eigum ekki að selja það frá okkur. Forsætisráðherra orðaði þetta vel þegar hún varpaði fram þessari spurningu í ræðu á Viðskiptaþingi 2018: „Hver vill ekki selja fisk frá kolefnishlutlausu landi?“ Þetta eru hagsmunirnir sem eru undir.

Lýðheilsa hinsegin fólks



Sara Dögg Svanhildardóttir
oddviti Garðabæjarlistans í Garðabæ

heilsu hinsegin fólks. Ég hef sagt það áður og segi það enn og læt ekki deigan síga fyrir en við sameinumst um að tryggja hinsegin fólki jafn góðan aðbúnað og öðrum, sem byggja samfélag okkar.

Viljinn skiptir máli en breytingarnar felast í framkvæmdinni

Í annað sinn legg ég fram tillögu sem lýtur að líðan hinsegin fólks. Fyrri tillaga mín fjallaði um nauðsyn þess að bjóða upp á fræðslu um hinsegin málefni. Fræðslu sem byðist öllu starfsfólki Garðabæjar svo samfélagið allt fengi tækifæri til þess að umvefja hinsegin veruleika með ákveðna þekkingu að vopni. Nú fylgi ég þeirri tillögu eftir með því að hvetja til þess í bæjarráði að fyrri tillaga verði tekin alla leið og þær aðgerðir sem farið hefur verið í í kjölfar fyrri tillögu verði rýndar og endurmetnar, með það að leiðarljósi að gera betur.

Lýðheilsa allra er dýrmæt

Við verðum einfaldlega að gera betur ef við meinum eitthvað með því þegar við segjumst ætla að vera til staðar og styðjandi fyrir hinsegin einstaklinga, börn og ungmenni sem standa í þeim sporum að endurskilgreina sig og takast á við samfélagið sem býður þeim upp á takmarkaðar upplýsingar, skilning eða getu til að mæta þeim eins og þau eru.

Þess vegna legg ég fram tillöguna því ég trúi því að eftir því sem við ræðum málin betur og greinum stöðuna hverju sinni þá þokumst við nær því að tryggja lýðheilsu hinsegin fólks af alvöru.

Að undanfögnu hefur umræðan um hinsegin fólk verið áberandi, í kjölfar sjónvarpsþáttanna Svona fólk og nú síðast um Trans börn. Þessir þættir sýna að þótt við höfum tekið mörg og merk framfaraskref þá er markinu ekki náð. Markmiðið hlýtur að vera að veruleiki hinsegin fólks sé samþætilegur veruleika annarra í okkar mjög svo gagnkynhneigða heimi. En því fer nú því miður fjarri. Lífssögur barna og ungmenna tala sínu máli. Þær snerta okkur og vekja upp samkennd og stuðning. Það er gott að búa í samfélagi sem bregst þannig við, þar sem viðsýni og jafnrétti ræður för. En þeirri afstöðu verður að fylgja eftir með athöfnum.

Mikilvægi og máttur fræðslunnar
Hinsegin veruleiki er annar veruleiki. Þeir sem ekki tilheyra honum fá seint skilið hann til fulls.

Við vitum hins vegar að fræðsla bætir lýðheilsu og skiptir þannig óendanlega miklu máli. Hún breytir viðhorfum, heldur þeim vakandi og hefur áhrif á hegðun einstaklinga, sem saman mynda samfélagið og þoka málum áfram til réttis vegar. Þar nægja ekki orðin tóm, þar þarf aðgerðir.

Við verðum að huga betur að lýð-

FJÓRHJÓLADRIFINN E-PACE

JAGUAR E-PACE



800.000 kr. aukahlutapakki fylgir Jaguar E-Pace S D150

Aukahlutapakinn er: Hiti í framrúðu og rúðusprautum, hiti í stýri og stýri klætt mjúku leðri, rafdrifinn upphituð leður framsæti með stillingu á 10 vegu, hiti í aftursætum, 380W Meridian hljóðkerfi, sjálfvirk háljósaástoð, svartur útlitspakki, tvöfalt krómað púst, skyggðar rúður að aftan, lykillaus opnun, rafknúinn afturhleri, hiti í aftursætum.

Jaguar E-Pace S D150, fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur.

VERÐ: 7.990.000 KR.

JAGUAR

HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

Fashanu tekinn inn í frægðarhöllina

Justin Fashanu verður tekinn inn í frægðarhöll enska boltans í dag, 30 árum eftir að hann varð fyrsti knattspyrnumaðurinn þar í landi til að koma út úr skápnunum. Hann er enn sá eini. KSÍ vinnur með samtökunum '78 og ÍSÍ vinnur að stefnu um hinsegin börn.

FÓTBOLTI Justin Fashanu, fyrsti og eini atvinnuknattspyrnumaðurinn sem hefur komið út úr skápnunum, verður tekinn inn í frægðarhöll enska boltans í dag. Frænka hans, Amal, mun taka við viðurkenningunni fyrir hans hönd en Fashanu framdi sjálfsmorð 1998 þegar hann var aðeins 37 ára.

Fashanu varð fyrsti þeldökki leikmaðurinn sem kostaði yfir milljón pund þegar Nottingham Forest splæsti í guttann 1981 frá Norwich, þar sem hann hafði slegið í gegn. Þá var Forest eitt besta lið Englands og eitt af stóru liðunum í Evrópu.

Fashanu var einn efnilegasti leikmaður Englands og átti 11 landsleiki fyrir U-21 árs liðið og var búinn að skora í þeim fimm mörk. Tímabilið 1980-1981 skoraði hann 19 mörk sem gat þó ekki bjargað Norwich frá falli og því ljóst að Fashanu myndi fara til einhverra af stóru liðunum.

Hann náði sér aldrei á strik í Nottingham enda var kynhneigð hans eitthvað að þvælast fyrir stjóranum, Brian Clough. Sjálfstraust hans var lítið og hann skoraði aðeins þrjú

mörk fyrir félagið. Í ævisögu sinni sagði Clough að hann skildi ekki lífsstíl Fashanu því ef menn vildu brauð þá færu menn til bakara. Ef menn vildu kjöt þá færu þeir til slátrarans og hvers vegna hann væri þá að heimsækja hommabari. Fashanu fór á mikið flakk í kjölfarið og spilaði meðal annars í Bandaríkjunum. Þar var hann sakaður um kynferðisbrot gegn 17 ára unglingi og flúði til Bretlands þar sem hann framdi sjálfsmorð þann 3. maí 1998. Í bréfi sem hann skildi eftir sagði hann að kynlífið hefði verið með samþykki beggja.

Fashanu kom út úr skápnunum í viðtali við The Sun árið 1990 sem vakti gríðarleg viðbrögð. Bróðir hans, John, afneitaði honum um tíma og sagði hann aðeins vera að sækjast eftir athygli. Hann dró þau ummæli síðar til baka. Dóttir Johns, Amal, stýrir nú Justin Fashanu Foundation sem einbeitt sér að því að berjast gegn mismunun. Hún sagði við Sky Sport að frændi hennar hefði verið snortinn af þessari viðurkenningu. „Þetta er frábær stund því það er verið að viður-



Fashanu þótti mikið efni og raðaði inn mörkum fyrir Norwich. Hann verður annar leikmaður félagsins sem tekinn er inn í frægðarhöllina. MYND/GETTY

kenna hann sem fótboltamann en ekki aðeins sem fyrsta og eina fótboltamanninn sem hefur verið samkynhneigður. Hann hafði frábæra hæfileika og þess vegna varð hann fyrsti þeldökki leikmaðurinn sem kostaði milljón pund,” sagði hún.

Þörf á sýnileika

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, formaður Samtakanna '78, segir að sýnileiki skipti máli og því sé þetta mikilvægt skref. „Það er þörf á sýnileika því strákar sem hafa komið út úr skápnunum eru af skornum skammti – sérstaklega þeir sem eru enn að spila.“

Þorbjörg bendir á að ÍSÍ sé að mynda sér stefnu um hinsegin börn í íþróttum og hún finni fyrir miklum vilja þar á bæ. Þá fái KSÍ samtökin í heimsókn á sín þjálfaranámskeið. „Þótt stór hópur myndi fagna þeim strák sem kæmi út opinberlega núna og liti á hann jafnvel sem hetju, þá veit maður líka að það er grunnt á fordómum og ranghugmyndum um hinsegin fólk í íþróttum. En þetta er hægt og rólega að breytast.“ benediktboas@frettabladid.is

Gott í Matinn

G-rjómi geymist vel
Laktósalaus G-rjómi er tilbúinn til notkunar þegar þér hentar.
gottimatinn.is

LENGRA GEYMSLUVOL



Reykjaneshöllin hefur reynst Keflavík og Njarðvík vel. MYND/REYKJANESBÆR

Tuttugu ár frá vígslu fyrsta knatthússins

FÓTBOLTI Í dag eru tuttugu ár síðan Reykjaneshöllin var formlega opnuð við hátiðlega athöfn þegar Keflavík mætti úrvalslíði sem var þjálfað af Atla Eðvaldsyni. Það var í fyrsta sinn sem sérstök knattspyrnuhöll var byggð á Íslandi og var um byltingu að ræða sem setti fordæmi fyrir önnur félög næstu árin. Í dag eru knatthúsin orðin fimmtán og fleiri væntanleg á næstu árum. Undanfarin ár hafa fjölmörg félög einnig kosið að vera með upphitad gervigras á aðalvelli félaganna og hafa aðstæður til knattspyrnuíðkunar að vetri til því stórbatnað á þessum tveimur áratugum.

Ákveðið var að ráðast í framkvæmdir að sumri til árið 1999 og var höllin tilbúin fljótlega eftir áramótin 2000. Húsið var fyrsta fjölnota íþróttahús landsins og stuttu síðar var ákveðið að ráðast í framkvæmdir við að byggja Fífuna í Kópavogi og Egilshöll í Reykjavík sem voru tilbúin árið 2002.

Undanfarna tvo áratugi hafa hjólin haldið áfram að snúast og

» Af þeim fimmtán knatthúsum sem reist hafa verið á Íslandi undanfarin tuttugu ár eru átta með keppnisvöll í fullri stærð.

voru tvær nýjar hallir vígðar í fyrra. Afturelding í Mosfellsbæ opnaði sitt fyrsta knatthús og nóvember síðastliðnum og FH opnaði sitt þriðja knatthús síðasta haustið á 90 ára afmæli félagsins.

Þá er ÍR að reisa nýtt fjölnota íþróttahús sem mun nýtast sem knatthús og eru fjölmörg félög með það í framtíðaráætlunum sínum að reisa knatthús á næstu árum. Fyrr á þessu ári var samþykkt að reisa knatthús á Ásvöllum og þá hafa víðræður staðið yfir um að reisa knatthús í Gardabæ, á KR-svæðinu, Valssvæðinu, Vestfjörðum og á Selfossi. – kpt

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 19. febrúar 2020

7. tölublað | 14. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



Verið velkomin í nýja og glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi

MICHELSEN
1909

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is



Gjörbreytt staða stóriðjunnar

Nýir raforkusamningar hafa gjörbreytt stöðu íslenskrar stóriðju. Forstjóri Landsvirkjunar segir traustar ábyrgðir fyrir greiðslum frá álverinu í Straumsvík. Forstjóri Elkem á Íslandi segir óljóst hvað taki við þegar samningurinn við Landsvirkjun rennur út árið 2029. »6-7

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



»2

Enn á ný verður stokkað upp í stjórn VÍS

Þrjár nýir gætu komið inn í stjórn félagsins en Gestur og Svanhildur gefa ekki kost á sér. Meðal þeirra sem sækjast eftir stjórnarsæti eru Benedikt Ólafsson og Auður Björk Guðmundsdóttir. Miklar breytingar hafa orðið á hluthafahópnum.

»4

Margir lagt allt undir til að standa í rekstrinum

Tryggingar ferðaskrifstofa hafa hækkað töluvert vegna nýlegra laga. Heildarfrjárhæðin aukist um þrjá milljarða. Kallað eftir samstarfi ríkis og ferðaþjónustunnar um stofnun sjóðs.

»10

Fáránlegt ástand

„Það er ekki eðlilegt ástand að litil fyrirtæki í leit að lánsfjármagni komi alls staðar að lokuðum dyrum og það er ekki lögmál að það sama gildi um ríkisrekna banka og einkarekna í því tilliti,“ segir Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF, í aðsendri grein.

Leica EYECARE



Byltingarkennd nýjung í margskiptum glerjum

50–65% stærra lessvæði

Optical Studio

SMÁRALIND • HAFNARTORG • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

Svanhildur Nanna og Kristín vilja í stjórn Sýnar

Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir, fjárfestir og áður einn stærsti hluthafi VÍS, og Kristín Þorsteinsdóttir, fyrrverandi ritstjóri og útgefandi Fréttablaðsins, eru á meðal þeirra sem sækjast nú eftir því að komast í stjórn fjarskiptafélagsins Sýnar. Talið er að mögulega muni þrír nýir stjórnarmenn taka sæti í stjórn félagsins þegar aðalfundur fer fram 20. mars næstkomandi.

Svanhildur kom fyrst inn í hluthafahóp Sýnar í byrjun þessa árs en félagið K2B fjárfestingar, sem er í eigu hennar og Guðmundar Þórðarsonar, fer með 1,6 prósentu hlut í félaginu. Að baki framboði Svanhildar í stjórn Sýnar standa einnig meðal annars fjárfestar sem eiga eignarhaldsfélagið Óskabein og fara með tæplega fimm prósentu hlut í fjarskiptafyrirtækinu í gegnum framvirka samninga.

Þeir sem ráða för í Óskabeini eru viðskiptafélagarnir Andri Gunnarsson og Fannar Ólafsson, sem eru meðal annars í hópi eigenda að Keahótelum, Gestur Breiðfjörð Gestsson, fráfarandi stjórnarmaður í VÍS og eigandi Sparnaðar, og Engilbert Hafsteinsson, fjárfestir og fyrrverandi framkvæmdastjóri hjá WOW air.

Þá hefur Kristín einnig skilað inn framboði til stjórnar félagsins til tilnefningarnefndar en hún hefur að undanfögnu, samkvæmt heimildum Markaðarins, leitað til sumra af stærstu hluthöfum Sýnar.



Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir.

um stuðning.

Tveir varamenn tóku sæti í stjórn Sýnar á liðnu ári samhliða því að Heiðar Guðjónsson, sem þá var stjórnarformaður, tók við starfi forstjóra Sýnar í aprílmánuði og undir lok síðasta árs var Yngvi Halldórsson ráðinn framkvæmdastjóri rekstrarsviðs félagsins og sagði sig þá um leið úr stjórn fyrirtækisins.

Samkvæmt heimildum Markaðarins þykir fullvíst að Hjørleifur Pálsson, stjórnarformaður Sýnar, og Tanya Zharov, aðstoðarforstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, verði áfram í stjórn félagsins. Óvíst er hins vegar hvort aðrir stjórnarmenn, meðal annars Anna Guðný Aradóttir, sem hefur verið í stjórn frá árinu 2012, muni njóta stuðnings til áframhaldandi stjórnarsetu.

Stærstu hluthafar Sýnar eru Gildi, Lífeyrissjóður verzlunarmanna og Ursur, fjárfestingafélag Heiðars Guðjónssonar. Breski vogunarsjóðurinn

Lansdowne var fyrir aðeins fáum mánuðum stærsti hluthafi félagsins með liðlega fjórtán prósentu hlut en sjóðurinn hefur á skömmum tíma selt nær allan hlut sinn og fer í dag með aðeins um 3,7 prósentu hlut.

Markaðsvirði Sýnar er í dag um 10,7 milljarðar króna og hefur hlutabréfaverð félagsins hækkað um nærri 28 prósent á síðustu þremur mánuðum. – hae

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFEÐLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Hörður Egiðsson hordur@frettabladid.is

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

VELDU GÆÐI!

Þú færð gómsætar bollur hjá okkur allar helgar í febrúar.



mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35

www.bjornsbakari.is



Markaðsvirði tryggingafélagsins nemur í dag um 23,5 milljörðum króna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Útlit fyrir að stokkað verði upp í stjórn VÍS

Þrír nýir gætu komið inn í stjórn félagsins en Gestur og Svanhildur gefa ekki kost á sér. Meðal þeirra sem vilja í stjórn eru Benedikt Ólafsson og Auður Björk Guðmundsdóttir. Miklar breytingar hafa orðið á hluthafahópnum.

Tveir stjórnarmenn í VÍS, þau Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir, sem seldi allan hlut sinn í tryggingafélaginu í nóvember, og Gestur Breiðfjörð Gestsson, einn eigenda fjárfestingafélagsins Óskabeins, gefa ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn VÍS á komandi aðalfundi. Þá gæti tilnefningarnefnd félagsins, sem mun skila skýrslu sinni í næstu viku, lagt til frekari breytingar á stjórn VÍS, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Á meðal þeirra sem sækjast nú eftir því að komast í stjórn VÍS er Auður Björk Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri fjártækni félagsins Two Birds og áður framkvæmdastjóri þjónustusviðs VÍS fram til ársins 2018, og Guðný Hansdóttir, en hún var framkvæmdastjóri mannaússviðs Innness á árunum 2014 og 2018 og þar áður mannaússstjóri Skeljungs. Þá leitast Benedikt Ólafsson, sem lét af störfum sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs Skeljungs undir lok síðasta árs, eftir að komast í stjórn tryggingafélagsins en hann sat einnig í stjórn Skeljungs á árunum 2013 til 2016 og var áður yfir sérhæfðum fjárfestingum hjá sjóðastýringarfélaginu Stefni.

Samkvæmt heimildum Markaðarins sækir Auður Björk meðal annars stuðning sinn til Bjarna Ármannssonar, fjárfestis og forstjóra Iceland Seafood, en hann kom fyrst inn í hluthafahóp VÍS um miðjan janúar á þessu ári og fer núna

11%

er hækkun hlutabréfaverðs í VÍS frá áramótum.

með rúmlega þriggja prósentu hlut í félaginu. Guðný nýtur hins vegar stuðnings Óskabeins en félagið er í dag stærsti einkafjárfestirinn í hluthafahópi VÍS með samanlagt um 4,7 prósentu eignarhlut, sem er að hluta í gegnum framvirka samninga hjá Arion banka, en hann er metinn í dag á tæplega 1.100 milljónir króna.

Frestur til að skila framboðum til tilnefningarnefndar VÍS rann út í lok síðasta mánaðar. Samkvæmt heimildum Markaðarins bærust umsóknir um framboð, fyrir utan þá stjórnarmenn sem hafa áhuga á að sitja áfram, frá hátt í tuttugu manns. Auk Svanhildar og Gestar er stjórn VÍS í dag skipuð þeim Valdimar Svavarsyni, sem er stjórnarformaður, Vilhjálm Egiðssyni og Mörtu Guðrúnu Blöndal en þau þrjú síðastnefndu sækjast öll eftir áframhaldandi setu í stjórninni. Vilhjálmur, sem er fráfarandi rektor Háskólans á Bifröst, og Marta, sem yfirlögfræðingur ORF líftækni, komu fyrst inn í stjórn VÍS í desember 2018.

Miklar breytingar hafa orðið á hluthafahópi VÍS á undanförunum mánuðum. Félagið K2B fjárfestingar, sem er í eigu hjónanna Svanhildar og Guðmundar Þórðarsonar,

seldi allan 7,25 prósentu hlut sinn í félaginu í nóvember síðastliðnum fyrir 1.550 milljónir. Kaupendur voru LSR, sem keypti meginþorra bréfanna, auk annarra lífeyrissjóða. Fjárfestingarfélagið var fyrir viðskiptin þriðji stærsti hluthafi VÍS.

Þá seldi breski vogunarsjóðurinn Lansdowne sömuleiðis allan 7,5 prósentu hlut sinn í VÍS á fyrstu vikum þessa árs en sjóðurinn kom fyrst inn í eigendahóp félagsins í árslok 2017. Hlutabréfasjóðir Stefnis, sem áttu um fimm prósentu hlut í ársbyrjun, hafa jafnframt selt öll sín bréf í tryggingafélaginu á árinu.

Auk Bjarna þá bættist einnig Sigurður Bollason, fjárfestir og einn af stærstu hluthöfum Skeljungs og Kaldalóns, í hluthafahóp VÍS undir lok janúar þegar félagið RES II, sem er í eigu Sigurðar og eigin konu hans, Nönnu Bjarkar Ásgrímsdóttur, keypti um 1,3 prósentu hlut í félaginu. Sigurður var fyrir faeinum árum einn stærsti hluthafi VÍS en um mitt árið 2017 seldi félagið Grandier, sem var í eigu Sigurðar og Don McCarthy, fyrrverandi stjórnarformanns House of Fraser, allan átta prósentu hlut sinn í félaginu.

Stærstu hluthafar VÍS eru LSR, Lífeyrissjóður verslunarmanna, breski sjóðurinn Miton og Frjálsi. Sé litið til tuttugu stærstu hluthafa félagsins nemur samanlagður eignarhlutur lífeyrissjóða um 40 prósentum.

Markaðsvirði VÍS nemur 23,5 milljörðum og hefur hlutabréfaverð félagsins hækkað um 11 prósent frá áramótum. hordur@frettabladid.is

Fjárfestir í Creditinfo skoðar Borgun

Evrópskt fyrirtæki sem starfar á sviði greiðsluþjónustu, sem er meðal annars í eigu og stýrt af Ali Mazanderani, stjórnarmanni í Creditinfo Group, er annað þeirra félaga sem eiga nú í viðræðum við Íslandsbanka um kaup á öllu hlutafé Borgunar, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Mazanderani, sem hefur setið í stjórn Creditinfo Group frá því síðasta vor, er sjálfstætt starfandi fjárfestir en hann situr í stjórnnum fjártækni fyrirtækja víða um heim, svo sem Network International í Bretlandi, Paycorp í Suður-Afríku og Stone í Brasilíu.

Hann tók sæti í stjórn Creditinfo Group síðasta vor í kjölfar þess að breski fjárfestingarfélagið Actis,



Ali Mazanderani fjárfestir


sem hann starfaði á þeim tíma fyrir, jók við hlut sinn í íslenska félaginu úr tíu prósentum í tuttugu prósent. Sem meðeigandi í Actis, sem fjárfesti upphaflega í Creditinfo árið 2016, kom Mazanderani að fjölmörgum fjárfestingum, einkum á sviði fjártækni, í yfir sextíu ríkjum og vaxtarmörkuðum.

Eins og greint var frá í Markaðinum fyrr í mánuðinum eru viðræður um kaup á öllu hlutafé Borgunar

langt komnar en Íslandsbanki, sem á 63,5 prósentu hlut í greiðslumiðunar fyrirtækinu, hefur verið með hlut sinn í söluferli frá því í byrjun árs 2019.

Samkvæmt heimildum Markaðarins hafa viðræður staðið yfir tvö erlend félög en í þeim er gert ráð fyrir að kaupverðið fyrir Borgun verði í kringum sjö milljarðar króna. Tekið var fram í nýlegum ársreikningi Íslandsbanka fyrir síðasta ár að viðræður við hugsanlega kaupendur væru hafnar en hins vegar væri það enn háð töluverðri óvissu hvort af sölu yrði.

Borgun tapaði 972 milljónum króna á síðasta ári borið saman við 1.069 milljóna króna tap á árinu 2018. – hae, kij



HAFNARTORG REYKJAVÍK

Hafnartorg er blönduð byggð af nýjum skrifstofum, íbúðum og verslunum. Glæsilegar skrifstofur eru til leigu frá 120 til 1.500 fermetra. Í húsinu verður boðið uppá þjónustu við leigjendur s.s. móttökuritari og aðgang að sameiginlegum fundarherbergjum og skrifstofum. Einn stærsti bílakjallari landsins er undir Hafnartorgi og að Hörpu. Hafnartorg verður iðandi af mannlífi og menningu og kærkomin viðbót við stækkandi miðbæ Reykjavíkur.



Nýjar sérhannaðar skrifstofur í miðbæ Reykjavíkur

Heildarstærð er um 6.900 fm

Útleigurými frá 120 fm

Bílastæði eru neðanjarðar og tengist Hörpunni

Afhending hafin



URÐARHVARF 8 KÓPAVOGUR

Urðarhvarf 8 er nýtt húsnæði og hagkvæmur kostur fyrir leigjendur. Húsið er glerjað að miklu leyti og því nýtur sín vel stórbrotið útsýni yfir Reykjavík, í átt að Esjunni, yfir Elliðavatn og til Bláfjalla. Samnýting á mótuneyti, hjólageymslum, fundarherbergjum, móttöku og annarri fjölbreyttri þjónustu verður í boði fyrir leigjendur húsnæðisins.

Rými sérhönnuð fyrir skrifstofur eða heilbrigðisstarfssemi

Heildarstærð er um 16.500 fm

Útleigurými frá 220 fm

Næg bílastæði á lóð og í bílakjallara

Frábært útsýni yfir Esjuna og Elliðaárdalinn

Afhending hafin



REYKJASTRÆTI
FASTEIGNAFÉLAG

REYKJASTRAETI.IS | S: 571-4990

Fasteignasafn Reykjastrætis telur um 33 þúsund fermetra í nokkrum nýbyggingarverkefnum sem eru tilbúin eða verða tilbúin á árinu 2020. Reykjastræti er systurfélag ÞG verktaka. Félagið leitar eftir farsælu langtíma viðskiptasambandi við sína leigjendur og stendur félagið fyrir gæði og áreiðanleika í viðskiptum.



Einar Snorri Magnússon, forstjóri CCEP á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Tekjur drógust saman um 6,5 prósent í fyrra

Tekjur drykkjaframleiðandans Coca-Cola European Partners á Íslandi námu 85 milljónum evra, jafnvirði um 11,8 milljarða króna, á síðasta ári og drógust saman um 6,5 prósent frá árinu 2018 þegar þær voru um 91 milljón evra.

Þetta kemur fram í nýbirtu uppgjöri móðurfélagsins, Coca-Cola European Partners (CCEP), fyrir síðasta ár. Drykkjaframleiðandinn, sem er með starfsemi í þrettán löndum í Vestur-Evrópu, keypti sem kunnugt er starfsemina hér á landi árið 2016.

Velta CCEP á Íslandi hefur þannig dregist saman um liðlega tíu prósent frá árinu 2017 þegar hún nam um 95 milljónum evra, samkvæmt eldri ársreikningum evrópska móðurfélagsins.

Athygli vekur að af mörkuðum CCEP var samdrátturinn hvað mestur hér á landi í fyrra, 6,5 prósent eins og áður sagði, en samtals var tekjuvöxtur móðurfélagsins um 4,5 prósent á árinu. Tekjur jukust á öllum mörkuðum nema á Íslandi og í Noregi þar sem samdrátturinn nam hálfu prósent. Mestur var vöxturinn í Frakklandi, eða um sjö prósent.

11,8

milljarðar króna var velta Coca-Cola European Partners á Íslandi í fyrra.

Ekki koma fram upplýsingar í ársuppgjörinu um afkomu CCEP á Íslandi á síðasta ári. Íslenska félagið hagnaðist um tæpar 167 milljónir króna árið 2018 og jókst þá hagnaðurinn um hátt í 65 prósent frá árinu 2017 þegar hann var 102 milljónir króna.

Eignir félagsins voru liðlega 7,9 milljarðar króna í lok árs 2018 en á sama tíma var eigið fé þess 5,9 milljarðar króna og eiginfjárlutfallið því um 75 prósent.

Haft var eftir Einari Snorra Magnússyni, forstjóra CCEP á Íslandi, í Markaðinum í mars í fyrra að í magni væru gosdrykkir 48 prósent af sölu félagsins, bjór 22 prósent og vatn 11 prósent. Aftur á móti væri bjór og innflutt áfengi tæplega helmingur af veltu enda væri um dýrari vöru að ræða vegna áfengisskatta.

Aðspurður nefndi hann auk þess að markaðshlutdeild Coca-Cola drægist hægt og rólega saman. Fyrir áratug hefði hún verið um 70 til 80 prósent af gosdrykkjamaarkaðinum en væri nú komin í 65 prósent. – kj



Margir hafa þurft að leggja allt undir til að standa í rekstrinum

Tryggingar ferðaskrifstofa hafa hækkað töluvert vegna nýlegra laga. Heildarfjárhæðin aukist um þrjá milljarða. Margir eigendur eru nauðbeygðir til að veðsetja íbúðarhúsnæði til að útvega tryggingu. Kallað eftir samstarfi ríkis og ferðaþjónustunnar um stofnun sjóðs. Skekkir samkeppnina við erlend fyrirtæki.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Þetta eru alltof miklar og kostnaðarsamar varúðarráðstafanir miðað við þá litlu áhættu sem er til staðar," segir Hörður Erlingsson, eigandi Ferðaskrifstofu Harðar Erlingssonar. Rúmt ár er síðan ný lög um tryggingar vegna sölu ferðaskrifstofa á pakkaferðum tóku gildi en með gildistöku laganna náði tryggingarskyldan yfir fleiri ferðaþjónustufyrirtæki en áður var.

Þannig þarf fyrirtæki sem selur bæði gistingu og afþreyingu á borð við hestaferð í einum pakka að útvega tryggingu. Fjöldi tryggingarskyldra fyrirtækja var 339 áður en löggin tóku gildi og var gert ráð fyrir að þeim myndi fjölga um tugi eða hundruð eftir gildistöku.

Samkvæmt nýlegu svari frá Ferðamálastofu nam heildarfjárhæð trygginga ferðaskrifstofa um sjö milljörðum króna. Stofnunin tók þó fram að fjárhæðin gæti breyst ört. Áður en löggin tóku gildi stóð heildarfjárhæðin í 4,3 milljörðum króna og hefur hún því hækkað um tæpa þrjá milljarða króna.

Ásberg Jónsson, eigandi Nordic Visitor, segir að Evrópulöggjöfin, sem íslensku löggin byggja á, hafi verið skrifuð fyrir ferðaskrifstofur sem flytja viðskiptavinum út og aftur heim (e. outbound). Hugmyndin að baki lagagreininu er að tryggja viðskiptavinum ferðaskrifstofu þannig að unnt sé að endurgreiða þeim eða flytja þá heim komi til gjaldþrots ferðaskrifstofunnar.

„Á Íslandi snýst starfsemin að miklu leyti um að þjónusta ferðamenn sem koma til landsins og eiga flugmiða til baka (e. inbound). Það hefur aldrei komið til þess að Ferðamálastofa hafi þurft að nýta þessa tryggingu og endurgreiða viðskiptavinum ferðaskrifstofa sem taka á móti ferðamönnum hingað til Íslands," segir Ásberg.

Margar ferðaskrifstofur eiga ekki annarra kosta völu en að fá bankaábyrgð hjá viðskiptabanka gegn þóknun til að verða sér úti um tryggingar. Ferðaskrifstofa Harðar þarf að útvega 140 milljóna króna tryggingu yfir háannatímamann en upphæðin var áður um 90 milljónir króna. Hörður og eiginkona hans hafa því, eins og margir aðrir í atvinnugreininni, þurft að grípa til þess að fá bankaábyrgð gegn því að veðsetja húsið sitt og fasteign sem er í eigu fyrirtækisins.

„Eigendur smærri ferðaskrifstofa þurfa að leggja allar persónulegar eigur undir til að geta staðið í þessum rekstri. Að því leyti snýst þetta mál líka um nýsköpun vegna þess að þeir sem vilja stofna ferðaskrifstofu en eiga ekki peninga eða fasteign til að leggja að veði gegn tryggingunni komast ekki inn á markaðinn," segir Hörður en ferðaskrifstofa hans flytur inn gesti frá Þýskumælandi löndum. Hann nefnir að þýskur samkeppnisaðili með svipaða veltu þurfi einungis að útvega 130 þúsunda evra tryggingu, jafnvirði um 18 milljóna króna, yfir háannatímamann. Þannig sé samkeppnisstaða íslenskra ferðaskrifstofa gagnvart erlendum keppinautum verulega skekkta.

Preföldun á tryggingarkröfu
Fyrstu útfærslunni á reglugerðinni



Á Íslandi snýst starfsemin að miklu leyti um að þjónusta ferðamenn sem eiga miða til baka. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ráðuneytið telur löggin til bóta

Fréttablaðið sendi atvinnuvegaráðuneytinu fyrirspurn um hvort það teldi nýju löggin vera til bóta.

„Löggin miða að aukinni neytendavernd og eru að mati ráðuneytisins til bóta hvað hana varðar. Þau eru innleiðing á pakkaferðatilskiptum ESB sem veitir lítið svigrúm til útfærslu nema hvað varðar tryggingar-

hlutann. Þar er ráðuneytið með einn þátt laganna til nánari skoðunar um þessar mundir," segir í svari ráðuneytisins.

„Samkeppnishæfni greinarrinnar er mikilvæg og ef til eru leiðir sem bæta regluverkið, án þess að ganga á neytendaverndina sem hefur verið bætt, verða þær skoðaðar sérstaklega."

sem byggir á nýju lögnum var breytt eftir mótmæli frá ferðaskrifstofum. Atvinnuvegaráðuneytinu var sýnt að tryggingarkrafa á félag, þar sem mest allar tekjur koma inn á tveimur mánuðum, gæti verið tvöföld velta félagsins. Við þessu var brugðist með því að setja 80 prósent þak á tryggingarfjárhæð miðað við veltu félags í samsettum ferðum.

Lagabreytingin hafði í för með sér breytingu á reikniformúlunni sem ákvarðar tryggingarfjárhæðina. Áður var fjárhæðin reiknuð með einföldum hættu út frá föstu hlutfalli af tekjum en nú byggir formúlan á fleiri breytum. Ein þeirra er til dæmis meðalfjöldi daga frá fullnaðargreiðslu þar til ferð hefst.

„Fyrir utan kostnaðinn við að framfylgja þessari reglugerð er flækjustigið allt of hátt. Ég held að ein afstarfskonum okkar hafi verið í heila viku að fylla út umbedin skjöl. Þetta eru orðin mjög íþyngjandi gagnaskil, sérstaklega fyrir smærri ferðaskrifstofur," segir Hörður.

Ásberg segir breytinguna hafa hækkað tryggingarfjárhæðina fyrir margar ferðaskrifstofur á sama tíma og rekstrarumhverfið versnaði.

„Af því sem ég heyrir eru margir í vandræðum með þetta og ég held að margar ferðaskrifstofur muni hreinlega ekki getað útvegað þessa tryggingu sem þýðir að þær verða

Þetta ásamt hækkuun launa og opinberra gjalda þrýstir enn meira á atvinnurekendur að flytja hluta af starfseminni úr landi.

Arnar Bjarnason



að hætta rekstri. Það má gera ráð fyrir að fram undan muni fleiri fyrirtæki fara í prot en ekki endilega vegna þess að reksturinn sjálfur hafi verið kominn í prot heldur þess að nú mun Ferðamálastofa taka oftar í gikkinn," segir Ásberg. Hann vísar til þess að Ferðamálastofa hafi nú viðtækari heimildir til inngripa og að stofnunin hafi verið gagnrýnd fyrir að veita ferðaskrifstofunni Farvel of marga fresti til að útvega nægilega tryggingu áður en fyrirtækið varð gjaldþrota á síðasta ári.

Arnar Bjarnason, forstjóri Arcanum – Icelandic Mountain Guides, segir að tryggingarfjárhæð fyrirtækisins hafi meira en þrefaldast eftir að reikniformúlunni var breytt.

„Þetta er orðið frekar þungt og flókið. Formúlan sem slík er mein-

gölluð gagnvart fyrirtækjum sem eru með sveiflukennndan rekstur enda byggir hún á erlendri fyrirmynd þar sem sveiflur í ferðaþjónustu eru mun minni en á Íslandi," segir Arnar.

Auk þess taki hún ekki tillit til áhættu í rekstri fyrirtækja. Til að mynda sé enginn greinarmunur gerður á nýstofnaðri ferðaskrifstofu annars vegar og rötgróinni ferðaskrifstofu með sterka eiginfjárstöðu hins vegar. Arnar tekur fram að í reikniformúlunni sem var notast við fyrir lagabreytinguna hafi verið tekið enn minna tillit til þessara þátta og auk þess byggt á sögulegum gögnum.

Samtökin og ríkið stofni sjóð

Þá bendir Arnar á að erlendis hafi verið stofnaðir og byggðir upp sjóðir af ferðamálasamtökum sem veita ferðaskrifstofum tryggingarvernd gegn sanngjörnu gjaldi. Á meðan þurfi íslenskar ferðaskrifstofur að leggja fram eign, bankastryggingu eða að reyna að kaupa tryggingar erlendis sem er aðeins á færi stærri fyrirtækja.

„Þetta getur hamlað vexti ferðaþjónustunnar með því að leggja þyngru byrðir á greinina en nágrannaríki gera. Þetta, ásamt hækkuun launa og opinberra gjalda, þrýstir enn meira á atvinnurekendur að flytja hluta af starfseminni úr landi. Við erum ekki að spila við sömu aðstæður og erlend ferðaþjónustufyrirtæki sem í dag selja og framkvæma ferðir hér á landi. Samtök ferðaþjónustunnar þurfa að vinna að því með ríkinu að búa til tryggingarsjóð fyrir ferðaskrifstofur," segir Arnar. Tryggingargjöldin væru þá sniðin að áhættu og skuldbindingum vegna ferða í rekstri hvers og eins fyrirtækis.

Hörður talar á svipuðum notum og segir að undanfarin ár hafi ferðaþjónustan átt stóran þátt í að byggja undir íslenskt efnahagslíf. Því sé eðlilegt að hið opinbera taki einhvern þátt í þessum tryggingum eins og þekkist víða erlendis.

LG OLED TV

100%
of 40 testing
members
recommend
Qbuzzador LG 55" OLED C9




1 ★ ★ ★ ★ ★
World's Best Selling
OLED Brand

MARGVERÐLAUNUÐ SJÓNVÖRP

 **Heimilistæki**

REYKJAVÍK · AKUREYRI · REYKJANESBÆR · SELFOSS · EGILSSTAÐIR · HÚSAVÍK · AKRANES



Álverið í Straumsvík er annar stærsti viðskiptavinur Landsvirkjunar á eftir Fjarðaáli á Reyðarfirði. Tæplega fjórðungur af raforkusölu orkufyrirtækisins fer til álvers Rio Tinto. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Sanngjarn samningur en ekki ódýr

Staða íslenskrar stóriðju hefur gjörbreyst á undanförunum áratug. Forstjóri Landsvirkjunar segir traustar ábyrgðir fyrir greiðslum frá álverinu í Straumsvík og sanningsákvæðin skýr. Forstjóri Elkem á Íslandi segir óvissu um orkuverð hafa stöðvað fjárfestingar.

Þorsteinn Friðrik
Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Staða íslenskrar stóriðju hefur breyst mikið á undanförunum áratug. Hagstæðir samningar hafa runnið út og nýir samningar, sem kveða á um hærra raforkuverð en áður, hafa tekið gildi. Forstjóri Landsvirkjunar segir samninginn við álverið í Straumsvík sanngjarnan og að Landsvirkjun sé með traustar ábyrgðir fyrir greiðslum. Forstjóri Elkem á Íslandi segir óljóst hvað taki við þegar samningurinn við Landsvirkjun rennur út árið 2029. Raforkuverðið sé komið að þolmörkum.

„Það er hvorki hægt að segja að raforkuverðið sé einstaklega gott né einstaklega slæmt. Vandinn er sá að samkeppnishæfni verksmiðjunnar á Íslandi samanstendur af fleiri þáttum en raforkunni einni og sér og raforkan var sá þáttur sem gerði það að verkum að það borgaði sig að reka verksmiðju á Íslandi,“ segir Einar Þorsteinsson, forstjóri Elkem á Íslandi, í samtali við Markaðinn.

„Það er skýr skuldbinding af hálfu beggja fyrirtækja til langs tíma. Orkan er sanningsbundin þannig að við erum ekki að skoða aðra möguleika,“ segir Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, um álverið í Straumsvík.

Rio Tinto, eigandi álversins í

Straumsvík (ISAL), greindi frá því í síðustu viku að fyrirtækið myndi skoða allar leiðir þegar kæmi að endurskoðun á starfsemi. Meðal annars kæmi til greina að loka álverinu en Rio Tinto myndi gefa sér tíma fram í júní til að taka ákvörðun um lokunina.

Móðurfyrirtækið hefur bæði selt og lokað álverum í Evrópu og álverið í Straumsvík er í dag eina álver Rio Tinto í Evrópu. Á síðustu fjórum árum – frá árinu 2016 – nemur rekstrartap álversins um 170 milljónum dala, um 21 milljarði króna á núverandi gengi. Tapið nam um 10 milljörðum í fyrra og fyrirséð er að minnsta kosti fjögurra milljarða tap á þessu ári.

Samningur Landsvirkjunar og Rio Tinto á Íslandi, sem tók gildi haustið 2010 og gildir til ársins 2036, fól í sér tímamót enda var með honum afnumin tenging raforkuverðs við álverð og þess í stað miðað við bandaríska neysluvísitölu.

Spurður um stöðuna sem nú er komin upp segir Hörður að álverið í Straumsvík búi við erfið rekstrar-skilyrði eins og önnur álver. Þar vegi þungt aukið framboð á markaði, mikil framleiðsluaukning í Kína og samdráttur í eftirspurn eftir áli á síðasta ári.

„Varðandi raforkuverðið teljum við að samningurinn sé sanngjarn fyrir bæði fyrirtækin. Vissulega er hann ekki ódýr, en hann er sanngjarn. Á heildina litid tel ég álverið ágætlega samkeppnisfært í iðnaði

Straumsvík á lista yfir ósamkeppnishæf álver

Í greiningu Deutsche Bank sem var birt í október í fyrra er fjallað um stöðu álvera utan Kína en þar er álverið í Straumsvík í 24. sæti á lista yfir ósamkeppnishæfustu álverin. Greinendum bankans reiknast til að framlegð álversins af hverju framleiddu tonni, miðað við meðalverð áls á þriðja ársfjórðungi 2019, hafi ekki verið nema um 16 Bandaríkjadalir. Álverð hefur síðan lækkað frá því að greiningin var birt. Þá var miðað við 1.765 dali á hvert tonn en verðið stendur nú í 1.678 dólum.

Greinendum bankans segja að minnkandi framlegð og aðstæður á markaði hafi aukið líkurnar á því að álverum verði lokað. Álver í Evrópu og Asíu eru sögð í mestri hættu og eru þrjú álver í Þýskalandi á vegum álframleiðandans Trimet nefnd sérstaklega í því samhengi. Þegar vikið er að hugsanlegum lokunum hjá Rio Tinto nefna greinendurnir tvö álver í Eyjaálfu, annað í Ástralíu og hitt á Nýja-Sjalandi, en álverið í Straumsvík er ekki tekið sérstaklega fyrir.

Varðandi raforkuverðið teljum við að samningurinn sé sanngjarn fyrir bæði fyrirtækin. Vissulega er hann ekki ódýr, en hann er sanngjarn.

Hörður Arnarson,
forstjóri
Landsvirkjunar



sem býr við krefjandi aðstæður,“ segir Hörður og bætir við að Straumsvík hafi glímt við ítrekuð vandamál í rekstri á undanförunum árum, sem eru óháð raforkuverðinu.

Landsvirkjun reisti Búðarhálsvirkjun til að efna samninginn frá árinu 2010 og Rio Tinto réðst í 500 milljóna dollara fjárfestingarverkefni í því skyni að auka framleiðslu álversins og hefja framleiðslu á verðmætari afurðum.

Framleiðsluaukningin sem stefnt var að náðist ekki að fullu og árið 2014 var endursamið til að orkuafhendingin endurspegladi betur orkuþörf álversins. Rio Tinto þurfti að greiða Landsvirkjun 17 milljónir Bandaríkjadollara, vegna kostnaðarins sem það hafði í för með sér fyrir Landsvirkjun að reisa Búðarhálsvirkjun fyrir en þörf krafði.

Þá bendir Hörður á að bæði Landsvirkjun og Rio Tinto hafi gengið sátt frá samningaborðinu á sínum tíma. Haft var eftir Herði

þegar samningurinn tók gildi að miðað við þáverandi álverð skiladi samningurinn umtalsverðri hækkun á raforkuverði fyrir fyrirtækið. Rannveig Rist, forstjóri Rio Tinto á Íslandi, sagði að þetta væri „mikilvægur áfangi fyrir álverið“ og renndi sterkari stöðum undir framtíð þess.

Sérfræðingar í orkumálum hafa bent á að samningur Landsvirkjunar og Rio Tinto frá árinu 2010 feli í sér endurskoðunarákvæði sem hægt er virkja árið 2024.

„Eins og komið hefur fram er endurskoðunarákvæði eins og oft er í svona langtímasamningum. Þetta ákvæði á að tryggja að samningurinn sé áfram sanngjarn fyrir báða aðila,“ segir Hörður aðspurður.

Þá er talið að í samningnum sé kveðið á um móðurfélagsábyrgð á kaupskyldu eins og var í eldri samningi fyrirtækjanna. Þannig þurfi móðurfélag álversins að ábyrgjast lágmarkskaup á raforku út samningstímamann, eða fram til ársins 2036.

„Við teljum að það séu traustar ábyrgðir fyrir skuldbindingum beggja aðila í samningnum. Það hefur enginn ágreiningur verið um það,“ segir Hörður. Spurður hvort hann telji líkur á að Rio Tinto geti farið með ákvæðið um móðurfélagsábyrgð fyrir dómstóla ítrekar hann að enginn ágreiningur hafi komið upp.

„Ef það kemur upp ágreiningur þá er skýrt kveðið á í samningnum



MIDVIKUDAGUR 19. FEBRÚAR 2020

Heimili

Stórglæsileg afmælishátíð í ZikZak

Tískuhús ZikZak fagnar nítján ára afmæli með stórglæsilegri afmælishátíð dagana 20. – 23. febrúar og býður veglegan afmælis afslátt í verslununum. ➔2

DAG HVERN **LESA****93.000**
**ÍSLENDINGAR
FRÉTTABLAÐIÐ
AÐ MEÐALTALI**

Tískuhús ZikZak var stofnað árið 2001. Sigríður Ómarsdóttir er annar eigandi verslunarinnar og segir hún að alltaf sé haldið upp á afmælið með einhverjum hætti. „Þetta er okkar árlega afmælisveisla og ætlum við að veita 20-50% afslátt af öllum vörum í verslunum okkar í Kringlunni og á Akureyri. Það er gaman að segja frá því að við opnuðum nýja, breytta og betri ZikZak verslun á Glerártorgi á Akureyri í byrjun febrúar. Verslunin er alveg einstaklega björt og falleg. Nú þegar þessir björtu og fallegu vorlitir eru að koma í verslanir er mjög skemmtilegt að koma og sjá með eigin augum, sjón er sögu ríkari,“ segir Sigríður en báðar verslanirnar hafa verið gerðar upp að undanförnu.

Fallegir vorlitir

Sigríður segir að starfsfólkið finni fyrir því að söl hækkar á lofti og vorlið fari að gera vart við sig. „Það birtir fallega yfir viðskiptavinum okkar og fólk verður léttara í lund. Við skvísurnar í ZikZak finnum rosalega mikinn mun á stuttum tíma á skaplyndi og líðan viðskiptavina okkar enda höfum við tekið inn fullt af björtum og fallegum litum í nýjustu sendingunum okkar. Viðskiptavinir okkar eru afskaplega ánægðir með nýju vörurnar,“ segir hún og bætir við að litirnir sem einkenna vorlinuna séu sumarlegir og spennandi. „Ljósbleikt, ljósblátt og sömuleiðis dökkblár eru litir sem eru vinsælir hjá okkur þessa dagana,“ segir hún.

„Við höfum tekið inn tvö ný vörumerki, annars vegar vörumerkið CISO og hins vegar vörumerkið Saloos. CISO kemur í stærðunum 38-56. Okkur fannst við þurfa að bæta við úrvalið í stærri stærðunum. Við höfum boðið upp á CISO-vörumerkið frá því um áramótin og það er að reynast afskaplega vel, stærðirnar eru einstaklega góðar, úrvalið er gott og gæðin alveg einstök. Margar konur hafa þegar fallið fyrir þessu nýja merki.

Ný vörumerki

Breska vörumerkið Saloos kemur í stærðunum 38-48. Það sem einkennir Saloos vörumerkið er fallegur og sparilegur fatnaður, þar á meðal eru blússur, túnukur og kjólar,“ segir Sigríður og bendir á að í ZikZak geti mæður fermingarbarna og ömmur fundið falleg sparidress í stærðum 36-56. Þetta er glæsilegur fatnaður sem hentar jafnt fyrir veislur, árshátíðir eða hverju öðru tilefni.“

Sigríður segir að helsti markhópur Tískuhúss ZikZak séu konur á öllum aldri en stærsti hópurinn á aldrinum 45-55 ára. „Við erum með hversdagsfatnað í miklu úrvali ekki síður en sparifatnað. Einnig erum við með einstaklega léttar og þægilegar úlpur sem hafa verið mjög vinsælar hjá okkur enda á góðu verði, aðeins 12.990 krónur. Þá erum við sömuleiðis með léttu, síða vatteraða jakka í einstaklega fallegum, björtum litum. Nú eru kápur vinsælar og við eigum þær í öllum stærðum. Þá er mikið úrval af alls kyns léttum og þægilegum peysum,“ segir Sigríður og konur geta því alveg klætt sig upp á afmælishátíðinni og notið góðra afslátta. „Við verðum með afmælisafsláttinn í báðum okkar verslunum auk þess sem við veitum kaupauka. Þá verður einnig í gangi skemmtilegur gjafaleikur og að sjálfsögðu verður boðið upp á léttar veitingar,“ segir hún.

Glæsileg veisla um helgina

„Veislan byrjar á morgun, verslanirnar eru opnaðar kl. 10 og fyrstu þrjátíu viðskiptavinirnir



Verslanir ZikZak í Kringlunni og á Akureyri hafa fengið andlitslyftingu og miklar endurbætur. Nú er vorlinan að koma í verslanirnar með fallegum litum.



Það er auðvelt að finna á sig réttu fötin í ZikZak, hvort sem það er í versluninni í Kringlunni eða á Glerártorgi á Akureyri. Mikið úrval fyrir allar konur.



Hægt er að fá túnukur með mismunandi myndri. Verð nú 3.495 kr.

sem versla hjá okkur fá veglegan kaupauka. Við verðum í beinni á Bylgjunni ásamt Sigu Kling sem ætlar að gefa skemmtilegar gjafir í Kringlunni í beinni útsendingu. Veislan verður alla helgina. Kynningsardómur frá Ak pure Skin verða í verslun okkar í Kringlunni og kynna glænýju og glæsilegu húðvörurnar sem Aron Einar Gunnarson og Kristbjörg Jónasdóttir kynntu nýlega á markað.

Þeir sem komast ekki í afmælishátíðina okkar þurfa ekki að órvænta því hægt er að tryggja sér



Falleg peysa í vinsælum bláum lit. Vinsæll litur í vor. Verð nú 3.992 kr.

öll flottu tilboðin á zikzakverslun.is. Við viljum einnig minna á að við höfum fellt niður sendingarkostnað í febrúar svo við hvetjum alla til að kíkja á heimasíðuna og tryggja sér flottar vörur á afslætti og fría heimsendingu á næsta pósthús,“ upplýsir Sigríður og er sannarlega ástæða til að bregða sér í verslunarleiðangur í ZikZak.

Á heimasíðu ZikZak og á Facebook-síðu verslunarinnar er hægt að skoða úrval af fallegum fatnaði sem nú streymir í hillurnar.



Klæðileg túnika sem hentar vel hversdags. Konur eru alltaf finar í svona klæðnaði, hægt að nota við svartar eða hvítar buxur. Verð nú 2.990 kr.

Kassakerfi og sjóðsvélar

MIÐVIKUDAGUR 19. FEBRÚAR 2020

Kynningar: dk hugbúnaður, Þekking, Regla.



Hér er Kristin Þorgeirsdóttir, þjónustustjóri dk, ásamt þeim Sigríði Hafberg, Ástu Sigríði Benediktsdóttur og Margréti Sveinbjörnsdóttur í þjónustudeild dk hugbúnaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

dk afgreiðslukerfið fyrir verslanir og aðra þjónustu

Íslenska bókhaldskerfið frá dk hugbúnaði er sveigjanlegt og býður upp á sérlausnir eins og sjálfsafgreiðslukerfi. Kerfið er áreiðanlegt og fjölbreytt, þúsundir fyrirtækja nýta það og viðskiptavinum fjölgar hratt. Kerfið hentar veitingahúsum, verslunum og annarri þjónustu. ➔2




„Við bjóðum bæði upp á afgreiðslu- og sjálfsafgreiðslukerfi fyrir alla almenna verslun og þjónustu,“ segir Hafsteinn Róbertsson, sérfræðingur í afgreiðslukerfum fyrirtækisins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fyrirtækið dk hugbúnaður þróar og selur langútbreiddasta viðskiptakerfið á Íslandi fyrir allar greinar atvinnulífsins og býður upp á alls kyns sérlausnir fyrir verslanir og þjónustu. „dk hugbúnaður er leiðandi í viðskiptahugbúnaði hér á landi fyrir allar stærðir og gerðir fyrirtækja, hann er þróaður á Íslandi fyrir íslenskar aðstæður,“ segir Dagbjartur Pálsson, en hann er framkvæmdastjóri hjá fyrirtækinu ásamt bróður sínum, Magnúsi Pálssyni. „Fyrirtækið framleiðir alhliða viðskiptahugbúnað og verður 22 ára í ár.“

„dk hugbúnaður hefur lagt mikla áherslu á sjálfvirknivæðingu í kerfum sínum undanfarin misseri. Markaðurinn kallar á sjálfsafgreiðslukerfi og dk hefur svarað því með fjölbreyttum lausnum,“ segir Hafsteinn Róbertsson, kerfisfræðingur hjá dk hugbúnaði. „Sjálfsafgreiðslukerfi flýta afgreiðslu og auka ánægju viðskiptavina ásamt því að lækka kostnað fyrirtækja töluvert. Sjálfsafgreiðsla er einföld, hraðvirk og tengjanleg við margs konar sérkerfi og vefþjónustur. Allar sölur færast rafrænt milli kerfa yfir í dk sölukerfi og dk fjárhagsbókhald. Sjálfsafgreiðslulausnir dk keyra bæði á hefðbundnum PC tölvubúnaði og sérhæfðum afgreiðslutölvum. Einnig er hægt að fá lausnir í spjaldtölvur eins og iPad. Flestar tegundir af posum og prenturum eru tengjanlegar við kerfin,“ upplýsir Hafsteinn.

Heilbrigðisstofnanir

Hafsteinn segir að fyrir heilbrigðisþjónustu hefur dk hugbúnaður gert fullkomnið sjálfsafgreiðslukerfi sem tengist hinum ýmsu sérkerfum sem heilbrigðisþjónusta þarf að nota. „Þar má nefna sérhæfð læknakerfi, Sjúkratryggingar Íslands og raðarkerfi frá Qmatic. Heilsugæslur og heilbrigðisstofnanir sjá mikinn hag í að innleiða



þessi kerfi hjá sér við móttöku sjúklinga. Læknavaktin er ein þeirra heilbrigðisstofnana sem nota sjálfsafgreiðslukerfi frá dk hugbúnaði og hefur reynslan þar verið afar góð svo ekki sé meira sagt,“ segir hann.

Verslanir & ferðaþjónusta

Í dag þykir það sjálfsagt mál að afgreiða sig sjálfur í almennri verslun. „Lindex á Íslandi og í Danmörku nota bæði sjálfsafgreiðslukerfi frá dk í verslunum sínum.

“Allar sölur færast rafrænt milli kerfa yfir í dk sölukerfi og dk fjárhagsbókhald. Sjálfsafgreiðslulausnir dk keyra bæði á hefðbundnum PC tölvubúnaði og sérhæfðum afgreiðslutölvum.

Mikilvægt er að sjálfsafgreiðslukerfið sé einfalt fyrir þann sem þarf að nota það og að kerfið leiði viðskiptavininn áfram alveg þangað til hann greiðir fyrir vörur í posa. Ferðaþjónustufyrirtæki reida sig á bókunarkerfi fyrir einstaklings- og hópaþókanir. Sjálfsafgreiðslukerfi dk tengjast bókunarkerfi Bókunar ehf. Perlan er eitt þeirra fyrirtækja sem nýta sér sjálfsafgreiðslukerfi á iPad. Einfalt er að koma slíkum kerfum upp þar sem þau taka mjög lítið pláss. Þróun á sjálfsafgreiðslu-

kerfum heldur áfram hjá dk og verið er að vinna í frekari lausnum fyrir veitingastaði svo það má segja að það sé spennandi tímar fram undan,“ segir Hafsteinn enn fremur og bætir við að þjónusta við viðskiptavini sé mikilvægur hluti af starfsemi dk hugbúnaðar.



Þjónustum allar gerðir fyrirtækja

Þekking hf. hefur um áratuga skeið veitt fyrirtækjum alhliða ráðgjöf og þjónustu við rekstur tölvukerfa. Daniel Rodriguez hópstjóri segir fyrirtækið þjóna fyrirtækjum um land allt.

Daniel segir umfangsmikla reynslu og sérfræðiþekkingu fyrirtækisins gera því kleift að þjónusta allar gerðir fyrirtækja. „Við erum algjörlega óháð hvers kyns vél- og hugbúnaði sem fólk vill vinna með. Það skiptir engu máli hvaðan búnaðurinn er, við teljum okkur geta þjónustað allt og alla, hvort sem það eru einyrkjar, stór fyrirtæki, stofnanir eða bæjarfélög.“

Leiðandi á sínu sviði

Þekking og reynsla fyrirtækisins sé afar dýrmæt. „Við höfum verið leiðandi í þjónustu á afgreiðsluferfum og kassa- eða smásöluþjónustu á Íslandi árum saman og þjónustum mörg af stærstu fyrirtækjum landsins í þessum bransa,“ skýrir Daniel frá.

„Ég er búinn að vera í tölvubrönsnum síðan 2004 og hjá Þekkingu síðan 2007. Við erum með starfsfólk sem er búinn að vera með frá stofnun Þekkingar þannig að það eru yfir tuttugu ár þar. Við erum mörg búin að vera að vinna í yfir tíu ár og erum við því mjög samheldinn hópur, það er nú bara þannig.“

Starfsstöðvarnar eru tvær talsins, þrátt fyrir að þjónustan nái um allt land. „Við erum með tvær starfsstöðvar, á Akureyri og í Kópavogi, og starfa um 70 manns hjá fyrirtækinu. Skiptingin hefur aðeins breyst með árunum, það eru nú orðnir töluvert fleiri sem starfa í Kópavogi en á Akureyri en við þjónustum allt landið og erum til dæmis að reka verslunarkerfið fyrir Samkaup sem er með sextíu

verslanir hringinn í kringum landið.“

Þá hefur starfsemi og þjónustan aðlagð sig jafnt og þétt að breytilegu tækniumhverfi og ólíkum þörfum viðskiptavina. „Við þjónustum kassakerfin og alla hluta tengda þeim, eins og handtölvur, verðskanna, spjaldtölvur og stimpilklukkur og allt sem því fylgir.“

Daniel segir miklar tækniframfarir undanfarna áratugi hafa haft mikil áhrif á starfsemi fyrirtækisins sem sé nú öll orðin stafræn. Hann minnst þess þegar síðasta sjóðsvélin var tekinn úr notkun árið 2017. „Hún fór nú bara og fékk endurnýjun lífdaga í einhverju allt öðru. Það var svona ákveðið augnablik hjá okkur,“ segir Daniel og hlær.

Viðtæk þjónusta

Þekking leggur ríka áherslu á vandaða þjónustu, allan sólarhringinn, allt árið um kring. „Við erum með þjónustuver sem er opið frá klukkan 8 á morgnana til 19 á kvöldin og þá tekur við bakvakt sem er bara restin af sólarhringnum. Þannig að við erum alltaf í rauninni á bakvakt. Svo erum við með útkallsvaktir í kringum stórhátíðir eða stóra viðburði þar sem starfsfólk er á vöktum, þannig að það er alltaf einhver til taks, eins og fyrir jól og hátíðir og annað þá erum við alltaf með fólk klárt fyrir viðskiptakerfin,“ útskýrir Daniel.

„Síðan erum við með mikla fjarþjónustu. Við þjónustum hvaðan sem er og hvert sem er og erum til dæmis með starfsmann sem býr á



„Við þjónustum afgreiðsluferfin og alla hluta tengda þeim, eins og verðskanna, handtölvur, spjaldtölvur, stimpilklukkur og allt sem því fylgir.“

Tenerife sem er að vinna hjá okkur og annan sem býr í Danmörku. Það er næstum allt hægt að gera í fjarþjónustunni.“

Einnig er boðið upp á kennslu og þjálfun þar sem viðskiptavinir njóta góðs af sérfræðiþekkingu starfsfólksins. „Við erum með menntaða kennara í Microsoft, í Office 365 og öðru Microsoft-tengdu og erum í raun með ráðgjöf í öllu sem viðkemur Microsoft og jafnvel út fyrir.“

Þá er líka lögð áhersla á að fylgjast vel með því sem er að gerast á sviði afgreiðsluferfa og smásölu á heimsvísu. „Ég er einmitt á leiðinni á sýningu sem heitir Euroshop sem er ein stærsta smásölusýning í heiminum. Við reynum að fara alltaf tvisvar á ári, bæði til Bandaríkjanna á NFR og á þessa Euroshop sýningu til að sækja okkur aukna þekkingu, nýjungar og annað tengt afgreiðsluferfum.“



ÞEKKING

Ráðgjöf og rekstur tölvukerfa



Regla býður upp á öflugt kassakerfi sem í rauntíma uppfærir bæði bókhald og vörumerki. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Öflugt kassakerfi

Regla býður upp á fjölbreytt viðskiptakerfi í vefáskrift. Kerfin eru íslensk hönnun, þróuð af fjölda sérfræðinga.

Regla ehf. var stofnað 12. desember 2008 og var markmið félagsins að bjóða upp á viðskiptakerfi með mikla sjálfvirkni til að auðvelda rekstur og minnka vinnu hjá fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum. Það má segja að það hafi tekist afar vel því kerfið er nú í notkun hjá þúsundum ánægðra notenda.

„Regla er hugbúnaður í áskrift á netinu, eða í skýinu og því engin þörf á hýsingu eða rekstri á tölvuþjónum. Þetta leiðir til þess að reksturinn verður hagkvæmari, einfaldari og öruggari,“ segir Sveinn Baldursson, þróunarstjóri afgreiðslukerfisins.

Kerfin sem Regla býður upp á eru íslensk hönnun og hafa ýmsir sérfræðingar komið að þróun þeirra, meðal annars viðskiptafræðingar, bókarar, endurskodendur, tölvunarfræðingar og löggiltir bókarar.

„Regla býður upp á öflugt kassakerfi sem í rauntíma uppfærir bæði bókhald og vörumerki, það getur hins vegar vel keyrt án net tengingar ef tenging við veraldarvefinn dettur út tímabundið og

“Fyrir veitingastaði er þægilegt borðakerfi og eldhúsprentun og í kerfinu er einfalt að skipta greiðslum.”

Sveinn Baldursson


hefur það oft komið sér vel fyrir okkar fjölmörgu viðskiptavini. Viðmót kerfisins er skýrt og notendavænt, starfsmenn eiga auðvelt með að læra á það og því er bein tenging við tímaskráningu,“ segir Sveinn.

Að sögn Sveins er hægt að mótaka allar tegundir af greiðslum í afgreiðslukerfi Reglu, svo sem eins og reiðufé, kortagreiðslur, erlenda mynt, reikningsviðskipti, netgíró, gjafabréf og inneignar-notur. „Fyrir veitingastaði er

þægilegt borðakerfi og eldhúsprentun og í kerfinu er einfalt að skipta greiðslum. Fyrir verslanir er afkastamikil talningakerfi, strikamerkjaprentun og öflugar tengingar við vefverslanir.“

Nýjasta viðbóttin við afgreiðslukerfi Reglu er eldhússtjórnunarakerfi (KDS) en með því er hægt að stýra pöntunum frá viðskiptavinum á réttan stað í eldhúsinu og með réttum tímasetningum. Forréttapöntun birtist á snertiskjá hjá starfsmönnum í eldhúsi sem sjá um forrétti og þjónn í sal sér á sínu afgreiðslutæki þegar rétturinn er tilbúinn, á réttum tíma birtist svo pöntun á aðalrétt á réttum stað í eldhúsi og þjónninn hefur alltaf yfirsýn á sínu tæki hvar pöntunin er stöðd á hverjum tíma. Sveinn segir að kerfið hafi reynst mjög vel. „Þjónustan við viðskiptavini er betri og fyrirsjáanlegri og færri starfsfólk þarf, bæði í eldhúsi og í sal.“

regla



Leiðandi í afgreiðslukerfum og tengingu við vefverslanir

regla.is | 520 1200

regla



Kassa- og posarúllur

Eigum allar stærðir og gerðir. Prentun endist í 7 ár, 10 ár og 25 ár (mismunandi eftir tegundum)

PAPPÍR

pappir@pappir.is | www.pappir.is | f
Gylfaflöt 4, 112 Reykjavík | S. 565 2217

Mikill kvenkostur sagði mamma

Í stofunni heima hjá Hörpu Þorvaldsdóttur, tónlistarkonu í hljómsveitinni Brek, er heill veggur hlaðinn dýrindis Drápuhliðargrjóti. Harpa mun syngja Þjóðlagaskotin lög í Kornhlöðunni í kvöld.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Harpa Þorvaldsdóttir, tónlistarkona og tónmenntakennari, er fædd og uppalin á Hvammstanga. Hún bjó líka lengi í Salzburg í Austurríki þar sem hún lauk meistaraáráðu í óperusöng. Í kvöld býður hún til tónleika í Kornhlöðunni í tilefni affyrstu útgáfu hljómsveitarinnar Brek sem Harpa segir alveg geðveikt skemmtilega og spilar akútiska, þjóðlagaskotna tónlist.

Heima er best...

...vegna þess að þar er fólkið mitt og kaffivélin mín.

Hvaða hlutur er ómissandi til að þér líði eins og heima?

Kaffivélin er það sem fyrst kemur upp í huga minn; algerlega ómissandi.

Ertu húsleg í þér?

Móðir mín segir mig mikinn kvenkost. Það var það fyrsta sem hún sagði við kærastann minn þegar þau hittust.

Við hvaða aðstæður finnst þér heimilislegasta upplifunin?

Þegar allir eru heima í ró og notalegheitum.

Hvernig myndirðu lýsa heimili fjölskyldunnar?

Andrúmsloftið er afslappað og hlýlegt. Enginn ákveðinn still en stofuveggurinn með Drápuhliðargrjóti setur óneitanlega ákveðinn tón.

Hvað langar þig í næst til að fullkomna heimilið?

Er að biða eftir því að fá til okkar gamla pianóið sem ég lærði á heima á Hvammstanga. Það verður notalegt.

Hvaða mat eldarðu oftast og hvaða köku bakarðu oftast?

Ég elda nú alls konar en í bakstri er ég að mastera súrdeigs-

brauðið. Kakan væri samt sennilega Pavlova.

Hvert er uppáhalds húsverkið? Sennilega að moppa yfir gólfin ... þoli ekki musl.

Hvaða veganesti fékkstu í búskapinn að heiman?

Að halda hlutunum í röð og reglu án þess þó að missa sig.

Ég hef aldrei verið talin sérlega skipulögð.

Hvað keyptirðu síðast til heimilisins?

Fallega túlipana.

Í hvaða framkvæmdir fóruð þið síðast?

Að flytja inn, mála og pússa gólf.

Hvaða staður heima er í mestu dálæti?


Eftirlætisstaðurinn er klárlega í sófanum við Drápuhliðarvegginn með þetta dásamlega útsýni yfir Fossvoginn og Reykjavík. Og auðvitað góðan kaffibolla með.

Hvað vildirðu hafa hér heima frá Hvammstanga?

Afslappað andrúmsloftið sem ég ólst upp við. Foreldrar mínir búa þar enn og það er ómetanlegt að geta farið heim, í heimsókn, til að hlaða batteriín. Mér þykir ofboðslega vænt um bæinn minn og tala alltaf um að fara heim á Hvammstanga. Annað væri væntanlega sundlaugin sem er ein sú allra besta að mínu mati.

Hvað gerist næst?

Það er sko nóg að gera. Hljómsveitin mín, Brek, verður með tónleika í Kornhlöðunni í kvöld klukkan 20.30 í tilefni af fyrstu útgáfu hennar. Ég hvet alla til að koma og hlýða á nýja íslenska tónlist sem er ólík mörgu öðru í íslenskrri tónlist nú. Svo er ég að skipuleggja viðburðinn Syngjum saman í Hannesarholti og er annan hvern sunnudag. Það er dásamleg stund þar sem fólk kemur og syngur saman undir stjórn ólíkra tónlistarmanna.




Harpa kann hvergi betur við sig heima en í sófa undir Drápuhliðarveggnum.



Kaffivélin er ómissandi til að gera allt heimilislegt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

“Ég hef ekki séð Drápuhliðargrjót á heilum vegg í stofu áður en það hafði klárlega áhrif á ákvörðun okkar um að kaupa þessa íbúð. Við vissum það strax og við komum hingað inn að þetta var eitthvað sem passaði okkur einstalega vel.



Harpa nýtur útsýnis yfir fagran Fossvoginn og Reykjavík úr stofunni heima. Hún segir gott að búa í Kópavogi en þangað flutti hún í byrjun vetrar með kærastanum sínum, Guðmundi Atla Péturssyni, mandólinleikara í Brek, og þremur börnum þeirra.

NÝ SENDING AF VORVÖRUM



ÚTSALA
50%
AFSLÁTTUR

Tískan

Skipholti 21, 105 Reykjavík
Sími 551 0770 | www.tiskan.is

B/A/S/L/E/R MaxMara BRAX

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opin alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA

Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun -
Bónleysing Flutningsþrif - Þrif
eftir iðnaðarmenn thvegillinn.
is - Stofnað 1969 Traustir og vanir
menn.

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili,
húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum
verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Ræstingar

FYRIRTÆKJARÆSTINGAR.

Við sérhæfum okkur í ræstingum
á fyrirtækjum,
þar sem áhersla er lögð á fagleg
og vönduð vinnubrögð.
Ódýr og góð þjónusta.

FMJ Þrif ehf.

Uppl. í síma 780 7020 eða
raesting2010@yahoo.com

Bókhald

Alhliða bókhaldsþjónusta, VSK,
Laun.

Gott verð, góð þjónusta.

KH bókhald sími 623 2843.

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum
innan og utanhús. Vönduð
vinnubrögð og góð umgengni.
Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf.
Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl.,
fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra
stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj.
Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is
flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK
- FLOTUN - SANDSPARSL -
MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi
fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar
fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Önnur þjónusta

STARFSMENN

til fjölbreyttra
starfa um lengri
eða skemmri tíma

PROVENTUS
Starfsmannaþjónusta

551 5000

proventus@proventus.is

Ármúla 15, 108 Reykjavík
www.proventus.is

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum
verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Parftu þitt pláss? Við erum með nóg
af því. Allt að 20% afsláttur.
www.geymslur.is

Keypt & Selt

Til sölu



Kassagítarar í úrvali Gitarinn
ehf Kassagítarar á tilboði
Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða
27 s 552 2125 www.gitarinn.is
gitarinn@gitarinn.is

Heimilið

Barnavörur



**VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI
+ SKIPTITASKA**

Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar -
Hliðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313
barnidokkar.is

Er verið
að leita
að þér?

Viðskiptavinir Ráðum fela ráðgjöfum
okkar oft að finna starfsmenn án
þess að auglýsa stöðuna og
með stuttum fyrirvara.

Skráðu þig í gagnagrunninn okkar
til að tryggja að við finnum þig
þegar rétta starfið býst.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

Við erum alltaf með
bókara á skrá

hagvangur.is

HAGVANGUR

CATALINA

CAFÉ • RESTAURANT • SPORTBAR

Best geymda leyndarmál Kópavogs

Gullnáman

LIFANDI
TÓNLIST

SMELLUR

FÖSTUDAG & LAUGARDAG

FRÁ KL. 00.00 - 03.00

HAPPY HOUR
VIRKA DAGA
FRÁ 16-19

HEITUR MATUR
ALLA DAGA 11-21

SÍMI 554 2166

HAMRABORG 11 • 200 KÓPAVOGUR

WWW.CATALINA.IS



Fjörtán milljarða króna arðgreiðsla vegna viðræðna við Norsk Hydro

Álverið í Straumsvík greiddi arð upp á 130 milljónir dala til móðurfélagsins árið 2017 en upphæðin jafngildir um 13,9 milljörðum króna miðað við meðalgengi ársins. Í svari frá Rio Tinto á Íslandi kemur fram að arðgreiðslan hafi verið sú eina sem fyrirtækið hefur greitt frá árinu 2004.

„Þetta var fjármagn sem var til í fyrirtæki frá því áður en taprekstur jókst vegna hás raforkukostnaðar og krefjandi markaðsaðstæðna. Arðgreiðslan fór fram vegna þess að fyrir lá bindandi kaupsátt frá Hydro um að kaupa ISAL en fyrirtæki eru jafnan ekki seld með lausafé,“ segir Bjarni Már Gylfason, upp- lýsingafulltrúi Rio Tinto á Íslandi.

Hydro gerði skuldbindandi tilboð um kaup á öllu útgefnu hlutfé í álverinu í febrúar 2018

og í kjölfarið sagði Ole Sæter, yfirmaður álvera Hydro, þegar hann var spurður af blaðamönnum, að samningurinn við Landsvirkjun væri samkeppnishæfur.

Norski álframleiðandinn Norsk Hydro hætti sem kunnugt er við kaupin á álverinu í Straumsvík haustið 2018 en félagið sagði við það tilefni að tekið hefði lengi tíma en búist var við að fá samþykki framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins fyrir kaupunum.

Eftir að Norsk Hydro hætti við kaupin var álverið aftur sett í söluferli og greindu erlendir miðlar frá því að Glencore, einn af stærstu eigendum Norðuráls, og hið þýska Trimet Aluminium, hefðu áhuga á að kaupa álverið. Rannveig sagði nýlega í samtali við mbl.is að því söluferli væri lokið: „Nú er ekki verið að

vinna í söluálagum, heldur verið að ræða við aðila hérlandis um hvort eigi að halda þessum rekstri áfram.“

Fjallað var um mögulega sölu á álverinu í Straumsvík á Aluminium Insider síðasta sumar sem taldi álverið vera heppilega fjárfestingu.

„Þrátt fyrir að ISAL greiði hæsta raforkuverðið á meðal íslenskra álvera er það enn með því lægsta sem finnst í Evrópu. Ísland framleiðir alla sína raforku með vatnsafla og jarðvarma sem er í samræmi við stefnu Rio Tinto um „grænt ál“. En að því gefnu að raforkuverðið sé mun hærra í Straumsvík en hjá álverum Rio Tinto í Kanada, þá er er ákvörðunin um að losa sig við álverið í samræmi við stefnu Rio um að draga úr kostnaði og hámarka arðsemi,“ skrifaði greinandi Aluminium Insider.

árinu 1979 sem var á hagstæðum samningi hjá Landsvirkjun fram til ársins 2019. Elkem ákvað að nýta heimild í samningnum um að framlengja raforkuviðskiptin um tíu ár eða fram til ársins 2029. Þar með var virkjað ákvæði um að sérstakur gerðardómur skyldi ákveða hvaða verð yrði á raforkunni það tíu ára tímabil. Niðurstaða gerðardóms fól í sér umtalsverða hækkun á raforkukostnaðinum.

„Ef við skoðum þættina sem hafa áhrif á afkomu okkar má segja að sá þáttur sem vegur þýngst sé markaðsverð á afurðum. Það sveiflar afkomunni upp og niður. En ef við skoðum samkeppnishæfni verksmiðju okkar á Íslandi – Elkem er með 27 verksmiðjur á heimsvísu – þá samanstendur hún af þremur meginþáttum og hefur gert það frá upphafi,“ segir Einar.

„Þar má fyrst nefna flutningskostnað. Við flytjum öll hráefni inn og allar afurðir út. Þetta hefur veikt samkeppnistöðu okkar gagnvart keppinautum í Evrópu,“ segir Einar.

Annar þáttur sem vegur þungt er innlendir kostnaður og launakostnaður. Öll þjónusta sem Elkem kaupir innanlands er beintengd við launaþróun og þessi kostnaður er mjög óhagstæður að sögn Einars. Verksmiðja Elkem á Íslandi er sú dýrasta innan samstæðunnar hvað laun varðar.

„Þriðji þátturinn er raforkan en hún er ástæðan fyrir því að verksmiðjan er yfirleitt á Íslandi. Raforkuverðið var hagstætt og gerði það að verkum að verksmiðja á Íslandi var samkeppnishæf. Eftir niðurstöðu gerðardóms má segja að þessi samkeppnishæfni sé að miklu leyti horfinn,“ segir Einar.

„Ef við skoðum meðalafkomu síðustu ára – á bilinu tíu til þrettán ár – þá má segja að raforkuhækkunin hafi að stórum hluta étid upp allan hagnaðinn. Þetta þýðir að við höfum verið og erum að leita leiða til að hagræða og fækka fólki.“

Vandinn er tvíþættur að sögn Einars. Annars vegar er fyrirtækið að glíma við skammtímaáhrif af hærri raforkuverði og hins vegar vakna spurningar um hvað taki við þegar samningurinn rennur út árið 2029.


„Það sem hrjáir okkur mest er spurningin um hvað tekur við eftir 2029. Ef það stefnir í enn hærri raforkuverð þá lítur þetta afskaplega illa út og við þurfum svara við þeirri spurningu mjög fljótt vegna þess að við höfum stöðvað fjárfestingu í uppbyggingu.“

Þegar við fjárfestum í uppbyggingu þurfum við að horfa meira en níu ár fram í tímann. Við höfum þurft að setja ýmis góð mál á ís, til dæmis verkefni sem snúa að endurnýtingu á orku og varma, á meðan óvissan er eins og hún er í dag,“ segir Einar.

„Afurðaverðið mun sveiflast upp og niður en samkeppnishæfnin hefur versnað svo mikið að við þurfum að reka verkmiðjuna betur en aðrir innan Elkem og líklega betur en flestir okkar keppinautar til þess að það sé arðbært að vera hérna. En arðsemin til lengri tíma litid er ekki mjög spennandi og það er ólíklegt að við myndum byggja verkmiðju á Íslandi í dag.“


Orkukostnaður álvera eftir landsvæðum miðað við framleiðslu

Önnur lönd Kanada Ísland Noregur Evrópa



Rekstrarkostnaður álvera eftir landsvæðum miðað við framleiðslu

Önnur lönd Kanada Ísland Noregur Evrópa



Klippt hefur verið neðan af gröfunum til að sýna mismuninn betur.

Þá nefnir Einar að Landsvirkjun hafi ekki verið sátt við niðurstöðu gerðardóms og talið að raforkuverðið ætti að vera hærri. Því sé líklegt að Landsvirkjun muni fara fram á hærri verð en rekstur Elkem getur staðið undir þegar núgildandi samningur rennur út.

Gott verð á heimsmælikvarða

Landsvirkjun stóð fyrir fundi í byrjun árs þar sem Martin Jackson, álsérfræðingur hjá greiningarfyrirtækinu CRU, fjallaði um stöðu íslenskra álvera í alþjóðlegu samhengi.

